

BLACKBERRY LAUSNAR LEYFISSAMNINGUR

VINSAMLEGAST LESTU ÞETTA SKJAL VANDLEGA ÁÐUR EN ÞÚ SETUR UPP EÐA NOTAR HUGBÚNAÐINN. ÞESSI SAMNINGUR INNIHELDUR ÁKVÆÐI SEM TAKMARKA EÐA ÚTILOKA ÁBYRGÐ RIM GAGNVART ÞÉR OG SEM HAFA Á ANNAN HÁTT ÁHRIF Á LAGALEG RÉTTINDI ÞÍN. HÁÐ LÖGSAGNARUMDÆMI ÞÍNU, GETUR ÞESSI SAMNINGUR EINNIG KRAFIST ÞESS AÐ ÞÚ NOTIR ÚRSKURÐI Á EINSTAKLINGSGRUNDEVELLI TIL AÐ LEYSA ÁGREININGSMÁL Í STAÐ ÞESS AÐ GRÍPA TIL DÓMSMÁLA EÐA VERKFALLA. SAMNINGUR ÞESSI HEFUR EKKI ÁHRIF Á LÖGBUNDIN OG SKULDBUNDIN RÉTTINDI ÞÍN SEM EIGA VIÐ INNAN LÖGSAGNARUMDÆMIS ÞÍNS, AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM ÞÚ NÝTUR SLÍKRA LÖGBUNDINNA OG SKULDBUNDINNA RÉTTINDA.

Þessi BlackBerry lausnar leyfissamningur ("Samningurinn") er lagalegur samningur á milli þín: sem einstaklings ef þú samþykkir hann persónulega; eða ef þú hefur umboð til að eignast hugbúnaðinn (eins og hann er skilgreindur hér að neðan) fyrir hönd fyrirtækis þíns eða annars aðila, á milli aðilans sem þú starfar fyrir (í báðum tilvikum, "þú"), og Research In Motion UK Limited, fyrirtækjanúmer: 4022422 ("RIM") sem er með lögskráð aðsetur/lögheimili að 200 Bath Road, Slough, Berkshire, Stóra Bretlandi SL1 3XE (kallast sameiginlega "Aðilar" og sem eining "Aðili"). Í samhengi dreifingar á tilboðum (eins og þau eru skilgreind hér að neðan), merkir RIM Research In Motion E-Commerce S.a.r.l eða önnur slík tengd fyrirtæki RIM sem eru auðkennd sem dreifingaraðili tilboða innan lögsagnarumdæmis þíns á slóðinni <http://www.blackberry.com/legal/rime> ("RIME"). Ef þú notar hugbúnaðinn ásamt lófataki þínu bæði persónulega og fyrir hönd fyrirtækis þíns eða annars aðila, þá mun "þú" merkja þig persónulega hvað varðar suma þætti hugbúnaðarins og þjónustu RIM, og mun merkja það fyrirtæki eða aðila sem þú notar hugbúnaðinn og þjónustu RIM fyrir í öðrum tilvikum (þ.e. ef fyrirtækið sem þú vinnur fyrir hefur veitt þér umboð til að gera þennan samning með tillit til notkunar þinnar á BlackBerry Enterprise netþjóninum ("BES") og tölvupóststreikningi honum tengdum og BlackBerry forritum fyrir stjórnun persónuupplýsinga ("PIM forrit"), en gefur þér ekki umboð eða tekur ekki ábyrgð á notkun þinni á öðrum hugbúnaði eða þjónustu eins og á Windows Live Messenger hugbúnaði viðskiptavinar eða RIME versluninni, þá merkir "þú" fyrirtækið fyrir BES tölvupóstinn og PIM forritin, og "þú" merkir þig persónulega með tilliti til notkunar þinnar á Windows Live Messenger hugbúnaði viðskiptavinar og RIME versluninni). Með tilliti til leyfis og dreifingar hugbúnaðarins, er RIM annað hvort beinn eða óbeinn leyfisveitandi fyrir: (a) Research In Motion Limited ("RIM Kanada") eða eitt eða fleira af dótturfyrirtækjum þess eða tengdum fyrirtækjum (en dótturfyrirtækin og tengd fyrirtæki eru í samningi þessum kölluð ásamt RIM í Kanada: "RIM fyrirtækjahópurinn"); eða (b) þriðja aðila sem er leyfisveitandi til einhvers af RIM fyrirtækjahópnum, þ.m.t. til RIM.

MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á VIÐEIGANDI HNAPP HÉR AÐ NEÐAN, EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA UPP, VIRKJA EÐA NOTA HUGBÚNAÐINN, SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ VERA BUNDINN AF SKILMÁLUM OG SKILYRÐUM ÞESSA SAMNINGS. EF ÞÚ ERT MEÐ EINHVERJAR SPURNINGAR EÐA ÁHYGGJUR UM SKILMÁLA SAMNINGSINS, VINSAMLEGAST HAFÐU SAMBAND VIÐ RIM GEGNUM LEGALINFO@RIM.COM.

ÞESSI SAMNINGUR KEMUR Í STAÐINN FYRIR OG GILDIR UMFRAM ALLA FYRRI BLACKBERRY NOTANDA/HUGBÚNAÐARLEYFIS OG BLACKBERRY ENTERPRISE NETÞJÓNS HUGBÚNAÐAR LEYFISSAMNINGA OG ALLA BLACKBERRY LAUSNAR LEYFISSAMNINGA AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM SLÍKIR SAMNINGAR EIGA ANNARS VIÐ, FRÁ ÞEIM DEGI ER ÞÚ SAMÞYKKIR SKILMÁLA ÞESSA SAMNINGS, OG GILDIR UM ALLAN HUGBÚNAÐ SEM MYNDAR HLUTA AF BLACKBERRY LAUSN ÞÍNNI (TIL AÐ FÁ FREKARI UPPLÝSINGAR , SJÁ HÉR AÐ NEÐAN KAFLA SEM HEITIR "SAMRUNI SAMNINGA" (KAFLI 30)).

Skil.

EF, ÁÐUR EN ÞÚ SETUR UPP Í FYRSTA SKIPTI, VIRKJAR EÐA NOTAR FYRSTA HLUTA ÞESS HUGBÚNAÐAR SEM ER LEYFÐUR SAMKVÆMT ÞESSUM SAMNINGI, ÞÚ ÁKVEÐUR AÐ ÞÚ VILJIR EKKI SAMÞYKKJA SKILMÁLA ÞESSA SAMNINGS, ÞÁ HEFUR ÞÚ ENGAN RÉTT TIL AÐ NOTA NEINN HUGBÚNAÐ OG ÞÚ SKALT: (A) SKILA HUGBÚNAÐINUM STRAX TIL RIM, EYÐA HONUM EÐA GERA HANN ÓVIRKAN; (B) EF ÞÚ HEFUR KEYPT RIM VÖRU SEM HUGBÚNAÐURINN HEFUR VERIÐ FOR-UPPSETTUR Á AF EÐA FYRIR HÖND RIM, SKALTU SKILA RIM VÖRUNNI STRAX OG MEÐFYLGJANDI HUGBÚNAÐI OG HLUTUM (ÞAR MEÐ TALIÐ SKJÖL OG PAKKNINGAR) TIL RIM EÐA UMBOÐS- OG DREIFINGARAÐILA RIM ÞAR SEM ÞÚ KEYPTIR RIM VÖRUNA OG MEÐFYLGJANDI HUGBÚNAÐ OG HLUTI; EÐA (C) EF ÞÚ HEFUR KEYPT LÓFAVÖRU ÞRIÐJA AÐILA ÞAR SEM HUGBÚNAÐURINN ER FOR-UPPSETTUR AF EÐA FYRIR HÖND RIM, SKALTU TRYGGJA AÐ HUGBÚNAÐURINN SÉ ÓVIRKUR OG TILKYNNNA RIM ÞAÐ EÐA UMBOÐS- OG DREIFINGARAÐILA RIM, ÞAR SEM ÞÚ KEYPTIR LÓFAVÖRU ÞRIÐJA AÐILA OG MEÐFYLGJANDI HUGBÚNAÐ OG HLUTI. Ef, í þeim kringumstæðum sem eru skilgreindar hér að ofan, þú hefur greitt fyrir hugbúnaðinn, og/eða fyrir þá RIM vöru sem þú hefur fengið með slíkum hugbúnaði og ef þú getur ekki notað RIM vöruna án þess hugbúnaðar, og ef þú getur lagt fram til RIM eða umboðs- og dreifingaraðila þess þar sem þú fékkst hugbúnaðinn fyrir RIM vörunar, sönnun um kaup innan (30) daga frá þeim degi þegar þú fékkst hugbúnaðinn í hendur, mun RIM eða umboðs- og dreifingaraðili þess greiða þér til baka öll gjöld (ef nokkur) sem þú hefur þurft að greiða fyrir þessa hluti. Til að fá endurgreiðslu fyrir hugbúnað fyrir lófataki þriðja aðila (ath. hinsvegar að ókeypis hugbúnaður er veittur á sumum lófatakjum þriðja aðila og þess vegna getur verið um enga endurgreiðslu að ræða) vinsamlegast hafðu samband við umboðs- og dreifingaraðila hugbúnaðarins fyrir lófataki þriðja aðila. Ef, í þeim kringumstæðum sem eru skilgreindar hér að ofan, þú getur ekki fengið endurgreiðslu fyrir hugbúnaðinn frá umboðs- og dreifingaraðila vinsamlegast hafðu samband við RIM á legalinfo@rim.com.

1. Skilgreiningar. Nema samhengið krefjist annars, skulu eftirfarandi hugtök hafa þá merkingu sem er skilgreind hér að neðan (og þar sem samhengið leyfir, skal eintalan fela einnig í sér fleirtöluna og öfugt).

"Símafyrirtæki" merkir umfangsmikil þráðlaus netþjónusta símafyrirtækis, og önnur netþjónusta (þ.m.t. staðbundin þráðlaus net, gervihnatta og internet þjónusta) og öll önnur þjónusta sem er veitt af þráðlausum þjónustuaðila þínum (símafyrirtæki) til að nota með BlackBerry lausn þinni.

"Símafyrirtæki" merkir símafyrirtæki sem veitir þráðlausa netþjónustu.

"Leyfðir notendur" merkir einhver eftirfarandi aðila sem þú getur leyfi til að nota hugbúnaðinn sem hluta af BlackBerry lausn þinni: (a) einhver af starfsmönnum þínum, ráðgjöfum eða sjálfstæðum verk tökum; (b) vinur eða fjölskyldumeðlimur, eða aðili sem býr innan heimilis þíns; og (c) allir aðrir þeir aðilar sem RIM gefur skriflegt leyfi. Þrátt fyrir það sem er sagt hér að framan, veitir samningurinn ekki sjálfkrafa rétt til að hýsa BlackBerry hugbúnað netþjónsins hjá þriðja aðila. Ef þú vilt setja upp slíka hýsingu, vinsamlegast hafðu samband við RIM gegnum: legalinfo@rim.com.

"BlackBerry lófátölva", einnig þekkt sem "BlackBerry tækið", merkir tæki sem er framleitt af eða fyrir hönd RIM, þ.m.t. alla snjallsíma, snjallkortalesara, spjaldtölvu eða BlackBerry Presenter eða öll önnur tæki sem eru sérstaklega auðkennd af RIM sem http://www.blackberry.com/legal/blackberrydevices_for_bbsla sem BlackBerry lófátölva.

"BlackBerry lófahugbúnaður" merkir hugbúnað í eigu RIM (sem er samansettur úr eignum RIM: hugbúnaði, fastbúnaði, viðmóti og efni, hvort sem það er tæknilega eða ekki talið vera hugbúnaðarkóti; og íhlutum þriðja aðila), eða einhver hluti af þeim pakka sem er hannaður til notkunar á lófataki sem er: (a)

hlaðið upp á lófátölvur eins og þær eru sendar frá verksmiðju RIM; eða (b) flutt, dreift að gert tiltækt fyrir þig á annan hátt af RIM eða fyrir hönd þess á hverjum tíma, til notkunar á lófátölvu þinni annað hvort beint eða gegnum RIM verslunina. Dæmi um BlackBerry lófahugbúnað er stýrikerfishugbúnaðurinn í eigu RIM og hugbúnaður í eigu RIM sem er fyrirfram settur upp á BlackBerry lófátölvu eða sem er gerður aðgengilegur í gegnum RIME verslunina, og öll hugbúnaðarvara í eigu RIM sem er flutt, dreift eða sem er á annan hátt gerð aðgengileg af eða fyrir hönd RIM á hverjum tíma sérstaklega til notkunar á lófataekjum þriðja aðila.

"BlackBerry greiðsluþjónustan" er greiðslufyrirkomulag í eigu RIM sem gerir kleift að kaupa forrit og smáforrit og aðrar stafrænar vörur og þjónustu í gegnum RIME verslunina.

"BlackBerry tölvuhugbúnaður" merkir hugbúnað í eigu RIM (sem er gerður úr hugbúnaði í eigu RIM, viðmóti, og innihaldi hvort sem það er tæknilega eða ekki talið vera hugbúnaðarkóti; og íhlutum þriðja aðila), eða einhvern hluta þar af, sem er hannaður til notkunar sem hluti af BlackBerry lausn og einungis til notkunar fyrir stakan notanda og til aðgengis á persónutölvu á ákveðnum tímamarki. Dæmi um BlackBerry tölvuhugbúnað er "BlackBerry stjórnborðs hugbúnaðurinn" sem er hægt að nota til að stjórna og viðhalda samstillingu á milli lófataekis þíns og tölvu þinnar og sem veitir möguleika á öðrum stjórnborðsaðgerðum.

"BlackBerry Prosumer þjónusta" er RIM þjónusta sem er hönnuð og boðin af RIM til að veita viðskiptavinum RIM möguleika á vissum aðgerðum sem eru mögulegar með BlackBerry netþjóns hugbúnaðinum án þess að viðskiptavinir RIM þurfi að fjárfesta í slíkum hugbúnaði. Dæmi um BlackBerry Prosumer þjónustu er "Internetþjónusta RIM" sem gerir áskrifendum kleift að: (a) samþætta vissa ISP tölvupóstreikninga eða tölvupóstreikninga þriðja aðila til afhendingar á lófataeki þínu; (b) stofna tölvupóstfang sem byggir á tækinu sjálfu á lófataeki þínu; og (c) fá aðgang að vissu efni á internetinu og þjónustu. Ekki er víst að allar eða sumar BlackBerry Prosumer þjónustur séu studdar af þráðlausu þjónustufyrirtæki þínu (símafyrirtæki). Vinsamlegast hafðu samband við símafyrirtæki þitt til að fá upplýsingar um aðgengi að þjónustunni.

"BlackBerry hugbúnaður netþjóns" merkir hugbúnað netþjóns í eigu RIM (sem er samsettur úr eftirfarandi eignum RIM: hugbúnaði, viðmóti og innihaldi, sem getur tæknilega verið talið eða ekki hugbúnaðarkóti, þar með talinn netþjónsbeinandi kennir aðferðarlýsingar (SRP ID), SRP auðkennislykil og önnur auðkenni sem RIM veitir til notkunar með sérstökum útgáfum af hugbúnaði netþjóns; og íhlutir þriðja aðila), eða hluti af því, en stök eintök hugbúnaðarins eru hönnuð til að vera sett upp á tölvu og til að mörg lófataeki geti nálgast þau eða á persónutölvu, eins og við á, á hverjum tíma. Dæmi um BlackBerry hugbúnað netþjóns eru "BlackBerry Enterprise netþjóns" varan, sem er hönnuð til að samþætta og veita tengingu á milli vissra fyrirtækjanetþjóna (eins og tölvupóstnetþjóna) og lófataekjanna sem eiga að vinna með "BlackBerry Enterprise netþjóns" hugbúnaðinum og "BlackBerry Mobile talkerfinu" hugbúnaðinum, sem er hannaður til að gera símtöl á skrifstofuna aðgengileg á lófataekjunum.

"BlackBerry lausn" merkir hugbúnaðinn, og að minnsta kosti einn af eftirfarandi viðbótarhlutum sem skal nota samtímis hugbúnaðinum: RIM vara, BlackBerry hugbúnaður netþjóns, BlackBerry lófahugbúnaður, BlackBerry tölvuhugbúnaður og/eða RIM þjónusta; ásamt viðeigandi skjölum.

"Efni" merkir öll gögn, texta, tónlist, hljóð, hringitóna, ljósmyndir, grafík, myndbönd, skilaboð, tög eða annað stafrænt efni eða aðrar stafrænar upplýsingar.

"Skjöl" merkir viðkomandi uppsetningarleiðbeiningar og önnur stöðluð notendaskjöl, þar með talin, öll skjöl um umgengni, leiðbeiningar, eða notkunarreglur sem eru útbúnar og lagðar fram af RIM til notkunar með sérstökum gerðum og útgáfum hugbúnaðarins, RIM vörur eða RIM þjónustu, þar með taldar öryggisleiðbeiningar. Skjöl fyrir notendur og kerfisstjóra eru einnig aðgengileg

gegnum <http://docs.blackberry.com> eða með því að hafa samband við RIM gegnum legalinfo@rim.com. Til að tryggja öryggi, innihalda skjöl engar uppsetningarleiðbeiningar eða notendaskjöl sem eru útbúin af öðrum aðila en RIM né heldur neinar breytingar sem hafa verið gerðar af einhverjum öðrum aðila en RIM.

"Lófataeki" merkir: (a) BlackBerry lófátölva; eða (b) lófataeki þriðja aðila.

"In-app vörur" merkir stafrænar vörur eða þjónust sem er seld til þín með því að nota greiðsluþjónustu BlackBerry gegnum afrit af hugbúnaðinum eða hugbúnaði þriðja aðila sem þú eignast gegnum RIME verslun.

"Sölustaður" merkir deild innan RIME verslunarinnar.

"Merchant of Record" eða "MoR" merkir þann aðila sem ber ábyrgð á því að vinna úr innkaupum sem eru auðkennd á þeim tímapunkti þegar þau eiga sér stað, sem getur verið mismunandi eftir greiðsluaðferð, lögsagnarumdæmi og sölustað.

"My World" merkir geymslustað sem gerir þér kleift að taka niður eða setja aftur upp á lófataeki þitt vissan hugbúnað og vörur þriðja aðila sem þú eignast í gegnum RIME verslunina.

"Tilboð" merkir In-App vörur, og allar vörur eða þjónustu sem er fáanleg gegnum RIME verslunina, þar með talið allar RIM vörur, hugbúnað, RIM þjónustu, hlut þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila sem er aðgengileg.

"Tilboðsaðilar" merkir þá einstaklinga og aðila sem bjóða upp á tilboð fyrir dreifingu í gegnum RIME verslunina.

"Greidd RIM þjónusta" merkir RIM þjónusta sem þú eða leyfðir notendur þínir verða að skrá sig til að fá og greiða gjald til RIM til að geta fengið aðgang að.

"RIM jaðarbúnaður" merkir RIM-merkta aukahluti eða aðrar vörur, eins og ör SD kort eða annað flytjanlegt minni og heymartól sem eru hönnuð til að starfa samhliða RIM vöru.

"RIM vara" merkir allar BlackBerry lófavörur og RIM jaðarbúnað að fráskildum öllum hugbúnaði.

"RIM þjónusta" merkir alla þjónustu sem er sérstaklega auðkennd sem þjónusta sem er veitt þér af eða fyrir hönd RIM eða tengds fyrirtækis, þar með taldir sý þjónusta sem er auðkennd af RIM á slóðinni <http://www.blackberry.com/legal/rimservices> sem RIM þjónusta; en sú staðreynd að RIM tekur þátt í vörumerki þjónustu þriðja aðila þýðir ekki né felur í sér að sú þjónusta sé RIM þjónusta.

"RIME verslunin" merkir stafrænat verslunarviðmót í eigu RIME eða RIME tengdra fyrirtækja, annarra en "BlackBerry Enterprise verslunina", þar sem tilboðsaðilar bjóða vörur sínar til dreifingar til notenda; en til að útskýra "RIME Store" innifelur ekki stafræna verslunarviðmótið hjá www.shopblackberry.com sem er rekið af Global Solutions, Inc.

"RIME verslunar tilboð" merkir tilboð sem er gert aðgengilegt í gegnum RIME verslunina.

"Þjónustuaðilar" hefur þá merkingu sem er skilgreind í kafla 9(e).

"Hugbúnaður" merkir eitthvað af BlackBerry lófahugbúnaði, BlackBerry tölvuhugbúnaði eða BlackBerry netþjónshugbúnaði sem er veittur þér samkvæmt þessum samningi, á hvaða formi sem er, á hvaða miðli sem er og hvernig sem hann er veittur, síðar uppsettur eða notaður. Hugtakið "hugbúnaður" skal ekki ná til

neins hugbúnaðar þriðja aðila eða hluts þriðja aðila, hvort sem hugbúnaði eða hlut þriðja aðila er dreift af RIM eða ekki eða fyrir hönd RIM, eða gegnum RIME verslun eða einhverja aðra leið með því að nota greiðsluþjónustu BlackBerry eða þegar hugbúnaður þriðja aðila eða vara þriðja aðila fylgir með, er veitt samhliða, eða starfar ásamt hugbúnaðinum og/eða einhverjum öðrum hluta af BlackBerry lausn þinni eða lófavöru þriðja aðila.

"Íhlutir þriðja aðila" merkir hugbúnaður eða viðmót, sem RIM veitir leyfi fyrir sem er frá þriðja aðila til notkunar með RIM hugbúnaðarvöru, eða til notkunar með fastbúnaði þegar um er að ræða vélbúnað frá RIM, og sem er dreift sem óaðskiljanlegum hluta af þeirri RIM vöru og samkvæmt RIM vörumerki, en skal ekki taka með hugbúnað þriðja aðila.

"Innihald þriðja aðila" merkir innihald sem er í eigu þriðja aðila.

"Lófatölva þriðja aðila" merkir öll tæki sem fela meðal annars í sér flytjanleg tæki eins og snjallsíma eða spjaldtölvu, aðra en BlackBerry tækið, sem lófahugbúnaður BlackBerry eða einhver hluti hans hefur verið hannaður fyrir og leyfður af RIM til að stjórna (innifalið þar sem BlackBerry lófahugbúnaði er ætlað að fá aðgang að innviðum RIM, og þar sem RIM hefur gert samning við þráðlaust símafyrtæki þitt sem leyfir tæki þriðja aðila að fá aðgang að innviðum RIM).

"Vörur þriðja aðila" merkir innihald þriðja aðila og vörur þriðja aðila.

"Hardware þriðja aðila" merkir lófataeki, tölvur, tækjabúnað, jaðartæki og allan annan vélbúnað sem er ekki RIM vara.

"Hlutur þriðja aðila" merkir vélbúnað þriðja aðila og hugbúnað þriðja aðila og allar aðrar verslunarvörur sem eru ekki RIM vörur.

"Þjónusta þriðja aðila" merkir þjónusta sem er veitt af þriðja aðila, þar með talið þráðlaus netþjónusta, þjónusta sem er veitt af þriðja aðila MoR eða greiðsluvél, eða öllum vefsíðum sem er ekki stjórnað af RIM.

"Hugbúnaður þriðja aðila" merkir sjálfstæður hugbúnaður og forrit sem er í eigu þriðja aðila sem er veittur aðgangur að eða er gerður tiltækur ásamt, eða gegnum RIM vörur, hugbúnað eða þjónustu RIM, eins og í gegnum RIME verslunina.

"BlackBerry lausn þín" merkir hugbúnaðinn, og að minnsta kosti einn af eftirfarandi hlutum sem þú kaupir, setur upp, veitir eða á annan hátt veitir umboð fyrir og tekur ábyrgð á notkun fyrir, ásamt hugbúnaðinum, eins og við á við þínar kringumstæður: RIM vara, BlackBerry hugbúnaður netþjóns, BlackBerry lófahugbúnaður, BlackBerry tölvuhugbúnaður og/eða RIM þjónusta; ásamt viðeigandi skjölum. Hlutir þriðja aðila og þjónusta þriðja aðila er ekki hluti af BlackBerry lausn þinni.

"Innihald þitt" merkir allt innihald sem þú eða leyfðir notendur þínir senda eða gera á annan hátt aðgengilegt til þjónustu RIM eða til þjónustu þriðja aðila.

2. Leyfi fyrir hugbúnaði og skjölum. Hugbúnaðurinn er leyfisskyldur og er ekki seldur samkvæmt samningi þessum. Leyfi þitt til að nota hugbúnaðinn er háð greiðslu viðkomandi leyfisgjalda, ef til staðar eru. Samkvæmt skilmálum og skilyrðum hér skráðum, veitir samingurinn þér persónulegt, afturkallanlegt, almennt, óframseljanlegt leyfi sem leyfir þér og leyfðum notendum þínum, í sameiningu að:

- (a) ef hugbúnaðurinn er BlackBerry netþjónshugbúnaðurinn:
 - (i) að setja upp og nota allt að fjölda eintaka (þ.m.t. sýndareintök) af hugbúnaðinum sem leyfisgjöld hafa verið greidd fyrir til RIM eða til umboðs- og dreifingaraðila RIM (og ef

- ekki þarf að greiða nein gjöld fyrir hugbúnaðinn til RIM eða umboðs- og dreifingarðila RIM, þá að setja upp og nota allt að þeim fjölda eintaka sem annars eru skriflega leyfð af RIM eða umboðs- og dreifingarðila þess); og
- (ii) að leyfa allt að þeim fjöld lófataekja eða persónutölva, eins og við á, sem gjöld hafa verið greidd fyrir til RIM eða til umboðs- og dreifingarðila RIM (þ.e. fjöldi leyfa fyrir aðgang hvers viðskiptavins ("CAL") keypt fyrir BlackBerry Enterprise hugbúnaðinn) til að fá aðgang að hugbúnaðinum (og ef engin gjöld þarf að greiða til RIM eða umboðs- og dreifingarðila til að leyfa lófataekjum að fá aðgang að hugbúnaðinum, þá að leyfa allt að þeim fjölda lófataekja eða persónutölva sem annars eru skriflega leyfð af RIM eða umboðs- og dreifingarðila þess); og
- (b) ef hugbúnaðurinn er BlackBerry lófahugbúnaður eða BlackBerry tölvuhugbúnaður og:
- (i) er for-uppsettur á vélbúnaðinn, þá að geta notað eitt eintak af þeim hugbúnaði sem er uppsettur á vélbúnaðinn; eða
 - (ii) er ekki for-uppsettur á vélbúnað, þá að setja upp og nota hugbúnaðinn á þann fjölda eininga sem viðkomandi hardware þarfnast í samræmi við þau leyfisgjöld fyrir hugbúnaðinn sem greidd hafa verið til RIM eða umboðs- og dreifingarðila þess (og ef engin gjöld þarf að greiða til RIM eða til umboðs- og dreifingarðila RIM fyrir hugbúnaðinn, þá að setja upp og nota allt að þeim fjölda eintaka sem annars eru leyfð skriflega af RIM eða umboðs- og dreifingarðila þess.)

Ef þú ert að eignast hugbúnaðinn (og öll tengd CAL) samkvæmt áskrift og sem hluta af ókeypis prufu, þá gilda leyfisréttindi sem eru skilgreind hér að ofan einungis fyrir það tímabil sem þú hefur greitt áskriftargjöld fyrir eða fyrir það tímabil sem leyft hefur verið af RIM eða umboðs- og dreifingarðila þess, eins og gildir í hverju tilviki fyrir sig.

Í öllum tilvikum, leyfir leyfið sem er veitt samkvæmt þessum samningi þér og leyfðum notendum þínum að nota eða leyfa notkun hugbúnaðarins, eða að fá aðgang að þjónustu RIM einungis fyrir þín persónulegu eða innri markmið og einungis sem hluta af BlackBerry lausn þinni. Ef leyfður notandi vill einnig nota BlackBerry lófahugbúnaðinn sem hluta af annarri BlackBerry lausn (þ.e. BlackBerry lausn sem byggir að hluta á vörum í eigu RIM, hugbúnaði eða þjónustu sem þú, eða einhver sem starfar í umboði þínu, hefur ekki eignast, sett upp eða dreift, og þú ert tilbúin(n) til að leyfa en ekki að taka ábyrgð á, slíkri notkun; "Önnur BlackBerry lausn"), þá fellur sú notkun ekki undir leyfissamning þennan og þú verður að krefjast þess að leyfður notandi geri sjálfstæðan leyfissamning við RIM sem gerir honum eða henni kleift að nota hugbúnaðinn sem hluta af annarri BlackBerry lausn. Til dæmis, ef þú ert fyrirtæki, og starfsmaður þinn vill nota BlackBerry lófahugbúnaðinn samhliða persónulegum BlackBerry Prosumer þjónustu sinni, eða um leið og Windows Live Messenger hugbúnaður viðskiptavins, og ef þú ert tilbúin(n) til að leyfa, en ekki að bera ábyrgð á slíkri notkun, þá fellur sú notkun ekki undir þennan samning við "þig" sem fyrirtæki og þú berð ekki ábyrgð á henni, svo framarlega sem þú hafir staðfest við leyfðan notanda að hann eða hún hafi gert þennan samning persónulega í tengslum við notkun þeirra á þeim hugbúnaði sem hluta af annarri BlackBerry lausn sinni. Á sama hátt, ef þú ert með BES aðgangs samning í fullu gildi, verða viðskiptavinir þínir að gera BBSLA samninginn til að geta notað BlackBerry Enterprise netþjónshugbúnaðinn sem hluta af BlackBerry lausn sinni).

Nýr hugbúnaður og uppfærslur. Þessi samningur og það leyfi sem er veitt með honum, felur ekki í sér nein réttindi til að: (A) eignast framtíðar uppfærslur hugbúnaðarins eða af hugbúnaði þriðja aðila; (B) þegar um er að ræða BlackBerry lófahugbúnað á lófátölvu, að fá aðgang að öðrum forritum en þeim sem eru beinlínis innifalin í hugbúnaðinum; eða (C) að eignast einhverja nýja eða breytta RIM þjónustu. Þrátt fyrir það sem sagt er hér að ofan, getur hugbúnaðurinn innifalið aðgerðir sem eru til að leita sjálfkrafa að uppfærslum hugbúnaðarins og þú getur verið beðin(n) um að uppfæra hugbúnað eða hugbúnað þriðja aðila, til þess að geta haldið áfram að hafa aðgang að eða nota vissa þjónustu RIM, annan nýjan hugbúnað eða hluti þriðja aðila eða hluta af þeim. Nema þú, eða þriðji aðili

sem þú hefur samning við um að veita BlackBerry lausn eða hluta af henni, samstillir BlackBerry lausn þína til að koma í veg fyrir flutning eða notkun uppfærslna á hugbúnaðinum, hugbúnaði þriðja aðila eða þjónustu RIM, samþykkir þú hér með að RIM getur (en er ekki skuldbundið til) að framkvæma slíkar uppfærslur tiltækar fyrir þig á hverjum tíma. Allar uppfærslur sem eru veittar þér af RIM samkvæmt þessum ssamningi skulu vera taldar vera BlackBerry lófahugbúnaður, BlackBerry tölvuhugbúnaður, BlackBerry hugbúnaður netþjóns, RIM þjónusta eða hugbúnaður þriðja aðila, eftir hverju tilviki fyrir sig.

Beta vörur. Ef hugbúnaðurinn, eða einhver þjónusta sem er tiltæk í gegnum hugbúnaðinn, er auðkennd sem á forstigi þróunar, til mats, "alpha" eða "beta" hugbúnaður ("Beta hugbúnaður" og "Beta þjónusta" hvort um sig), eiga leyfisréttindi sem eru skilgreind hér að ofan með tilliti til notkunar þinnar á slíkum Beta hugbúnaði eða aðgengi að Beta þjónustu, einungis við um það tímabil sem er leyft af RIM ("prófunartíma") og einungis upp að því marki sem er nauðsynlegt til að leyfa þér og leyfðum notendum þínum (það eru engir leyfðir notendur fyrir Beta hugbúnað eða Beta þjónustu ef þú ert einstaklingur) að prófa og veita RIM svar um virkni Beta hugbúnaðarins og Beta þjónustuna, og allar RIM vörur sem eru veittar af RIM til notkunar með Beta hugbúnaðinum ("Beta Hardware", ásamt Beta hugbúnaði og Beta þjónustu, "Beta vörur"); og ef Beta hugbúnaður eða aðrar Beta vörur eru veittar sem hluti af þróunaráætlun RIM, til að þróa hugbúnaðarforrit til notkunar einungis með viðeigandi hugbúnaði, eða verslunarútgáfur af Beta hugbúnaðinum eða af öðrum Beta vörum, ef og þegar þær eru viðskiptalega kynntar af RIM. Slíkt leyfi mun taka endi sjálfkrafa þegar prófunartíminn tekur enda, og slíkan tíma getur RIM framlengt eða bundið enda á, hvenær sem er, skv. sinni eigin ákvörðun, en nema þú hafir brotið samninginn, mun RIM, ef mögulegt er, nota viðskiptalega skynsamlegar leiðir til að veita þér tilkynningu fyrirfram um allar breytingar sem kunna að koma upp á prófunartíma. Þrátt fyrir prófunartímamann, samþykkir þú og viðurkennir að RIM megi innfela tæknilegar aðgerðir í Beta vörum sínum sem gera þær óstarfhæfar eftir vissan tíma, og þú samþykkir að þú munir ekki reyna að komast framhjá slíkum tæknilegum aðgerðum, né að þú munir reyna að gera slíkt. Að teknu tilliti til leyfisveitingar til Beta vöru, samþykkir þú að veita RIM svörun um Beta vörur eins og RIM fer eðlilega fram á, þar með talið áframhaldandi svörun um tölvulýs og villur sem komu fram á prófunartíma forritsins, án nokkurrar greiðslu eða endurgreiðslu af nokkru tagi frá RIM, og kaflinn hér að neðan sem kallast "svörun" mun eiga við um slíka svörun. RIM getur sérstaklega farið fram á að þú fyllir út könnun sem tengist ákveðnum Beta vörum og þú samþykkir að fylla út allar slíkar kannanir.

Réttur til fjölföldunar eða dreifingar. Þú mátt ekki dreifa eða breyta hugbúnaðinum, eða neinu innihaldi sem var gert aðgengilegt til þín sem hluti af RIM þjónustu, að fullu eða að hluta. Nema að því leyti sem RIM er sérstaklega útilokað skv. lögum frá því að banna þessar aðgerðir, þá mátt þú ekki afrita, endurskapa, eða á nokkurn annan hátt fjölfalda hugbúnaðinn, eða nokkurt innihald sem hefur verið gert þér aðgengilegt sem hluta af RIM þjónustunni, að fullu eða að hluta, nema að því leyti sem er beinlínis leyft samkvæmt samningnum, í skjölum um viðkomandi RIM þjónustu, eða í sérstökum skriflegum samningi á milli þín og RIM eða þín og tengds fyrirtækis RIM. Í merkingu og samkvæmt tilgangi þessa ákvæðis skal afritun eða endursköpun ekki innifela þá afritun setninga og leiðbeininga hugbúnaðarins sem á sér stað við eðlilega keyrslu forritsins þegar það er notað í samræmi við og í þeim tilgangi sem lýst er í skjölum eða þegar verið er að taka óbreytt regluleg öryggisafrit af hugbúnaðinum eða af tölvunni eða því stýrikerfi þar sem hugbúnaðurinn hefur verið settur upp, í samræmi við staðlað verklag í viðskiptum innan iðnaðarins. Þú mátt ekki afrita nein skjöl eða hluta þeirra, nema einungis til persónulegrar eða innri notkunar og til notkunar samhliða notkun þinni á BlackBerry lausn þinni.

3. Reglur um notkun BlackBerry lausnarinnar. Þú berð ábyrgð á öllum aðgerðum er snerta BlackBerry lausn þína sem hafa verið framkvæmdar af þér og leyfðum notendum þínum og þú tryggir að:

- (a) Þú og leyfðir notendur þínir muni einungis nota BlackBerry lausn þína eða einhvern hluta hennar, í samræmi við samninginn, öll viðeigandi lög og reglugerðir, og í samræmi við viðkomandi skjöl fyrir BlackBerry lausn þína eða hluta af henni;

- (b) Þú hafir rétt og umboð til að gera þennan samning, annað hvort fyrir þín hönd persónulega eða fyrir hönd fyrirtækis eða annars aðila, eða fyrir hönd barns, og þú tryggir að þú sért orðinn fullorðin(n)/lögráða;
- (c) Allar upplýsingar sem eru veittar af RIM og sem tengjast þessum samningi, þar með talið þegar verið er að skrá til að nota þjónustu RIM, verið er að panta í gegnum RIME verslunina, eða verið er að ljúka færslu í gegnum greiðsluþjónustu BlackBerry, séu réttar, nákvæmar, nýuppfærðar og fullnægjandi, og svo lengi sem þú eða leyfðir notendur þínir nota RIM þjónustu eða viðhalda reikningi, munt þú uppfæra slíkar upplýsingar og halda þeim réttum, nákvæmum og fullnægjandi;
- (d) Þú og leyfðir notendur þínir, munu ekki viljandi, eftir að hafa gert fyrirspurnir eins og skynsamlegur aðili í stöðu þinni eða leyfðs notanda þíns mundi gera, nota eða leyfa öðrum að nota BlackBerry lausn þína eða hluta af henni í einangrun eða með hlut þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila, á þann hátt sem að mati RIM, á skynsamlegan hátt, kynni að trufla, draga úr virkni eða hafa neikvæð áhrif á hugbúnað, hardware, kerfi, netkerfi, innihald eða þjónustu, þar með talið einhvern hluta af BlackBerry lausn þinni eða einhvers annars notanda, þar með talið sem væri notað af RIM eða þráðlausu þjónustufyrirtæki, eða sem mundi á annan hátt hafa neikvæð áhrif á RIM, RIM fyrirtækjahópinn, þráðlaust þjónustufyrirtæki eða einhverja af viðskiptavinum þeirra eða er varðar innviði eða vörur eða þjónustu, og að þú munt strax hætta öllum slíkum aðgerðum um leið og RIM tilkynnir þér um slíkt;
- (e) Þú og leyfðir notendur þínir nota ekki BlackBerry lausn þína eða nokkurn hluta af henni til að flytja, gefa út, birta, hlaða upp, dreifa eða miðla nokkru óviðeigandi, guðlastandi, eineltandi, móðgandi, ærumeiðandi, niðrandi, dónalegu, ólöglegu eða villandi innihaldi.
- (f) Þú eða leyfðir notendur þínir munu ekki nota BlackBerry lausn þína, eða nokkurn hluta af henni, til að framkvæma eða reyna að framkvæma glæp eða auðvelda glæp eða annað glæpsamlegt eða skaðlegt athæfi, þar með talið að hlaða upp, safna, geyma, birta, flytja, miðla eða gera aðgengilegt á annan hátt einhverjar upplýsingar eða efni sem þú hefur ekki réttindi til að safna, geyma eða gera aðgengilegt, þar með talið það sem fellur undir öll lög eða undir samninga eða sem brýtur í bága við skyldur, sem brýtur einkaréttarlög eða önnur lög, felur í sér ólögleg fjárhættuspil, eða eitthvað annað sem kynni að brjóta á, brjóta gegn eða misnota höfundarrétt og/eða annan eignarrétt einhvers þriðja aðila (þar með talin afritun og deiling hugbúnaðar eða innihalds sem þú eða leyfðir notendur þínir hafa ekki rétt til að afrita og deila, eða að fara á ólöglegan hátt í kringum öll stafræn réttindi og stjórnunarlega vernd) ;
- (g) Þú og leyfðir notendur þínir nota ekki BlackBerry lausnina, né nokkurn hluta hennar, til að hlaða upp, birta, senda í tölvupósti, flytja eða gera aðgengilegan á annan hátt nokkurn hugbúnað eða innihald sem gæti innihaldið einhvern (i) vírus, trojuhest, orm, bakdyravírus, kerfi sem drepur á tölvunni, illan kóta, þefara, baut, kerfi sem lætur tölvuna hrynja eða njósnaforrit; eða (ii) nokkurn annan hugbúnað eða efni sem er líklegt eða ætlað til að (A) hafa neikvæð áhrif á frammistöðu, (B) gera óvirkt, spilla eða valda tjóni á, eða (C) valda auðvelda óleyfilegum aðgangi að eða valda því að sé notuð fyrir óleyfileg eða óviðeigandi not, nokkurn hugbúnað, vélbúnað, þjónustu, kerfi eða gögn ("Spilliforrit") (og ef þú verður var við einhver spilliforrit í eða í tengslum við BlackBerry lausn þína, þá munt þú láta RIM strax vita);
- (h) Þú og leyfðir notendur þínir munu ekki selja, leigja, framselja eða flytja eða reyna að selja, leigja, framselja eða flytja hugbúnaðinn eða eitthvað innihald, eða nokkurn hluta þess, sem hefur verið gerður aðgengilegur þér sem hluti af RIM þjónustunni eða rétti þínum til að nota RIM þjónustuna eða einhvern hluta hennar (þar með talið að reka þjónustuskrifstofu eða samsvarandi þjónustu með

hjálp hugbúnaðarins) til einhvers annars aðila, eða þegar um er að ræða for-uppsettan hugbúnað til notkunar á nokkru öðru tæki, nema með fyrirfram sérstöku skriflegu leyfi frá RIM;

- (i) Þú og leyfðir notendur þínir reyna ekki að fá óleyfilegan aðgang að nokkurri RIM þjónustu, öðrum reikningum, tölvukerfum eða netkerfum sem tengjast RIM þjónustunni, með því að brjótast inn í kerfin, stela aðgangsorðum, eða á einhvern annan hátt, eða eignast eða reyna að eignast nokkurt efni eða upplýsingar sem eru gerðar aðgengilegar í gegnum RIM þjónustuna á nokkurn þann hátt sem er ekki af ásetningi gert aðgengilegt þér í gegnum slíka RIM þjónustu ;
- (j) Þú og leyfðir notendur þínir nota ekki BlackBerry lausn þína, né nokkurn hluta hennar til að líkja eftir nokkrum einstakling eða aðila, eða segja rangt til um eða ljúga til um tengsl þín eða leyfðs notanda þíns við einstakling eða aðila, né heldur að stofna falskt auðkenni til að afvegaleiða aðra, þar með talið með vefveiðum eða einhvers konar gabbi;
- (k) Þú og leyfðir notendur þínir vinna í samstarfi við RIM og veita upplýsingar sem umbeðnar eru af RIM til að aðstoða RIM við rannsókn og ákvörðun um hvort brot hefur átt sér stað á samningnum og þú veitir RIM og óháðum endurskoðanda RIM aðgang að húsakynnum og tölvum þar sem RIM vörur, RIM þjónusta eða hugbúnaður er staðsettur eða hefur verið notaður og jafnframt veitir þú aðgang að tengdum skráningum. Þú leyfir hér með RIM að vinna í samstarfi við: (i) lögregluþingvöldum við rannsókn á meintum lögbrotum; (ii) þriðju aðila sem eru að rannsaka brot á samningnum; og (iii) kerfisstjóra eða símafyrirtækja, netkerfa eða tölvukerfa sem vinna við að framfylgja þessum samningi. Slíkt samstarf getur falið í sér að RIM gefi upplýsingar um notendanafn þitt eða leyfðs notanda þíns, IP tölu, eða gefi upp aðrar persónuupplýsingar.

4. Hlutir þriðja aðila sem þörf er fyrir og þjónusta þriðja aðila. Þú berð ábyrgð á því að tryggja að hlutir þriðja aðila og þjónusta þriðja aðila (þar með talin tölvukerfi, internet tengingar, þráðlaus netkerfi, dulkóðunarkerfi stjórnkerfa, og símaþjónusta) sem þú velur til að stjórna BlackBerry lausn þinni mæti lágmarkskröfum RIM, þ.m.t. um vinnsluhraða, minni, hugbúnað viðskiptavinar, og tiltækni á góðri internet tengingu sem BlackBerry lausn þín þarfnast eins og er skilgreint í skjölum, og að notkun þín og leyfðs notanda þíns á slíkum hlutum þriðja aðila og/eða þjónustu þriðja aðila með BlackBerry lausn þinni brjóti ekki í bága við nein leyfi, skilmála, skilyrði, lög, reglur og/eða reglugerðir sem tengjast notkun hluta þriðja aðila og þjónustu þriðja aðila. Almenn er krafist þráðlausrar netþjónustu til að hægt sé að nota BlackBerry lausn þína, þ.m.t. fyrir myndbönd, samtöl, tölvupóst og farsímanotkun. Gjöld fyrir þráðlausa netþjónustu geta verið rúkuð í tengslum við notkun þína á BlackBerry lausn þinni, og þú samþykkir að á milli þín og RIM, sért þú ábyrgur fyrir öllum gjöldum til símafyrirtækja sem kunna að skapast af slíkri notkun. Þráðlaust netþjónustufyrirtæki þitt (símafyrirtæki) getur takmarkað hvaða þjónusta RIM og þjónusta þriðja aðila er tiltæk fyrir þig. Ef þú vilt fá upplýsingar um hvaða símafyrirtæki styðja við BlackBerry lausn þína miðað við þína staðsetningu vinsamlegast hafðu samband við RIM gegnum legalinfo@rim.com. Þú getur víkkað út dulkóðunarkerfi stjórnborðs þíns (eins og S/MIME Version 3.0 (eða síðari) eða kerfi sem byggja á RFC 2440 stöðlunum eins og PGP) til til BlackBerry lófataekis þíns sem notar hugbúnað, en RIM skaffar ekki dulkóðunarkerfi fyrir stjórnborð sem eru hlutir þriðja aðila, og, án þess að takmarka almenna neitun ábyrgður í kafla 22, HVORKI RIM NÉ TENGD FYRIRTÆKI ÞESS BERA NOKKRA BÓTAÁBYRGÐ AF NEINU TAGI FYRIR NEITT MÁL SEM GÆTI KOMIÐ UPP VEGNA EÐA Í TENGLUM VIÐ DULKÓÐUNARKERFI STJÓRNBORÐS.

5. Viðbótar skilmálar.

- (a) Þú getur verið beðinn um að samþykkja viðbótar skilmála og skilyrði.
 - i. með RIM í tengslum við íhluti þriðja aðila (þ.e. ókeypis íhluti) og til að geta notað vissa þjónustu RIM eða RIM innihald eða til að fá uppfærsla á RIM vöru eða RIM þjónustu;
 - ii. með þriðja aðila til að fá eða nota hlut þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila, þ.m.t. að eignast tilboð þriðja aðila í gegnum RIME verslun eða að nota vefsíðu þriðja aðila;

- iii. með seljanda (MoR) til að kaupa inn í gegnum RIME verslun eða kaupa In-App vöru með því að nota greiðsluþjónustu BlackBerry; og
 - iv. með símafyrtæki sem veitir þráðlausa netþjónustu.
- (b) Þú berð ábyrgð á því að uppfylla alla samninga sem þú gerir við þriðja aðila og RIM skal ekki bera ábyrgð eða vera bótaskyld á nokkurn hátt fyrir tap eða tjón af nokkru tagi sem gæti skapast vegna samskipta þinna við slíka þriðju aðila. Ef þú ert óviss hvort RIM er framleiðandi nokkurs Innihalds, vöru, hluts eða þjónustu, vinsamlegast hafðu samband við RIM gegnum legalinfo@rim.com. Ef þú ert að eiga við þriðja aðila í gegnum internetið eða í tengslum við þjónustu þriðja aðila, skaltu gæta þess að tryggja að þú þekkir við hvern þú ert að hafa samskipti, að þú þekkir skilmála og skilyrði þessara vefsíðna, og allrar þjónustu þriðja aðila eða hluta þriðja aðila sem þú getur fengið aðgang að eða tekið á móti, þar með talið skilmála um afhendingu og greiðslu, notkunarskilmála, leyfisskilmála notanda, möguleika á að skila vöru, skilmála um persónuvernd, og öryggisaðgerðir til að vernda persónuupplýsingar þínar og að tryggja persónulega öryggi þitt.
- (c) Í engu falli skulu slíkir viðbótar skilmálar og skilyrði á milli þín og nokkurs þriðja aðila vera bindandi fyrir RIM eða fela í sér einhverjar viðbótar skuldbindingar, eða skuldbindingar sem samræmast ekki skilmálum og skilyrðum samningsins, fyrir RIM að neinu tagi, og hvað varðar á milli þín og RIM skulu skilmálar og skilyrði er tengjast hlutum þriðja aðila og þjónustu þriðja aðila í þessum samningi samt sem áður eiga við um þessa hluti.
- (d) Að því leyti sem nokkur íhlutur þriðja aðila fellur undir viðbótar skilmála og skilyrði sem veita þér rétt til að nota, afrita, dreifa eða breyta öllum eða hluta af slíkum íhlut þriðja aðila, sem eru víðtækari réttindi en þau sem eru veitt þér samkvæmt samningi þessum um hugbúnað, þá einungis að svo miklu leyti sem þú getur nýtt þann víðari rétt án þess að valda broti á skilmálum eða skilyrðum samnings þessa hvað varðar það sem eftir er af hugbúnaðinum, skalt þú njóta ávinnings slíkra víðtækari réttinda. Með tilliti til hugbúnaðar þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila (sem innifela hugbúnað og efni) sem hefur verið gert aðgengilegt þér af RIM, fyrir utan hugbúnað þriðja aðila og þjónustu þriðja aðila sem er dreift gegnum RIME verslun (sem er tekið á í kafla 9), ef hugbúnaður þriðja aðila eða þjónusta þriðja aðila fellur ekki undir aðskilið leyfi eða notkunarskilmála, skal notkun þess falla undir skilmála og skilyrði samnings þessa eins og um væri að ræða hugbúnað eða þjónustu RIM (eftir því sem við á), sem myndar hluta af BlackBerry lausn þinni; svo framarlega sem slíkur hugbúnaður þriðja aðila eða þjónusta þriðja aðila er veitt þér af RIM "EINS OG HÚN ER" og "SEM FÁANLEG", með engum tjáðum skilmálum, ábyrgðum, kynningum eða tryggingum og þar sem ekkert er gefið í skyn, og eins og á milli þín og RIM, gilda þær takmarkanir og útilokanir á bótaskyldu, fíring ábyrgðar og ákvæði um endurgreiðslu sem skilgreind eru í þessum samningi fyrir hluti þriðja aðila og þjónustu þriðja aðila en ekki þau sem gilda um hugbúnað. Allur hugbúnaður þriðja aðila sem er fluttur á BlackBerry lófátölvu er veittur þér til þæginda af RIM, og ef þú vilt nálgast hugbúnað þriðja aðila á öðrum skilmálum, þá þarft þú að eignast hugbúnað þriðja aðila beint frá birgi þess hugbúnaðar.

6. Þjónusta RIM.

- (a) Breytingar eða uppsögn á þjónustu RIM. Þú samþykkir að RIM hefur leyfi til, án bótaskyldu gagnvart þér, til að breyta, afturkalla, segja upp, fjarlægja og setja takmarkanir eða gera óvirka alla RIM þjónustu hvenær sem er, tímabundið eða varanlega, með eða án þess að tilkynna þér það; að svo miklu leyti sem ef RIM bindur varanlega endi á RIM þjónustu (sem mundi fela í sér að leyfi þitt til að nota allan BlackBerry lófahugbúnað mundi sjálfkrafa falla úr gildi), og ef þú hefur greitt

fyrir þá RIM þjónustu þannig að hún sé aðgengileg í vissan tíma og ef þú hefur ekki brotið gegn ákvæðum sammingsins, þá átt þú að fá endurgreiðslu af allri upphæðinni eða hluta upphæðarinnar sem þú hefur greitt RIM fyrir RIM þjónustuna eins og skilgreint er í stefnu RIM um endurgreiðslur fyrir þjónustu á vegum RIM. Slík endurgreiðsla mun, ef hún er einhver, vera það eina sem þú átt rétt á og vera eina bótaskylda RIM gagnvart þér ef ske kynni að RIM mundi ákveða að hætta varanlega að veita ákveðna RIM þjónustu.

- (b) Viðhald. Án þess að takmarka það sem að framan stendur, áskilur RIM sér allan rétt til, og þú samþykkir að RIM getur upp á sitt eindæmi, tímabundið lokað fyrir aðgang að þjónustu RIM, eða á annan hátt tekið þjónustu RIM úr notkun til að gera við hugbúnaðarlýs, setja upp uppfærslur og til að framkvæma greiningar á þjónustu RIM.

7. Framlag þitt og annað innihald.

- (a) Svörun. Þú getur veitt svörun til RIM um BlackBerry lausn þína. Nema RIM samþykki annað skriflega, samþykkir þú hér með að RIM mun eiga alla svörun, athugasemdir, tillögur, hugmyndir, hugtök og breytingar sem þú skilar inn til RIM er varða BlackBerry lausn þína og allan tengdan höfunda- og hugverkarétt (sem kallast í sameiningu "Svörunin") og þú úthlutar RIM hér með öllum réttindi þínum, titli og tekjumöguleikum af slíku. Þú munt ekki viljandi gefa RIM neina svörun sem fellur undir höfundar- og eignarrétt þriðja aðila. Þú samþykkir að starfa að fullu með RIM hvað varðar að undirrita frekari skjöl og framkvæma aðrar aðgerðir sem RIM getur skynsamlega farið fram á til að staðfesta að RIM eigi svörin og svörunina og til að gera RIM kleift að skrá og/eða vernda allan tengdan höfundar- og eignarrétt og/eða trúnaðarupplýsingar.
- (b) Innihald notanda, hlutir þriðja aðila. Þú og ekki RIM berð algjörlega ábyrgð á öllu innihaldi þínu. RIM stjórnar ekki innihaldi eða öðrum hlutum þriðja aðila sem þér er veittur aðgangur að af notendum í tengslum við þeirra BlackBerry lausn eða þjónustu þriðja aðila sem er notuð samhliða þeirra BlackBerry lausn, og til viðbótar við almenna neitun á ábyrgð sem er í kafla 22, þá tryggir RIM ekki nákvæmni, heiðarleika, eða gæði, og er ekki bótaskyld vegna nokkurra slíkra hluta þriðja aðila. RIM getur sett upp almennar verklagsreglur og takmarkanir er snerta notkun á þjónustu RIM, þar með talið um það gagnamagn sem má geyma, um þann hámarkstíma sem innihaldið/efnið eða skilaboðin/birt skilaboð á umræðuvettvangi eru varðveitt á RIM þjónustu (á líka við um geymsluþjónustu í skýi), og/eða það tímabil þegar þú mátt halda áfram að nota eða fá aðgang að einhverju innihaldi/efni. Þú mátt einungis nota innihald/efni sem hefur verið gert aðgengilegt af RIM eða tengdu fyrirtæki RIM, í tengslum við þjónustu RIM, til persónulegra nota og í samræmi við sértæka leyfisskilmála og skilyrði sem eiga við um þjónustu RIM. Þú mátt ekki nota innihald sem hefur verið veitt þér sem hluti af "BBM Music" þjónustunni fyrir hringitóna. Takmarkanireins og þær sem voru skilgreindar hér að ofan eru útskýrðar í skjölum sem fylgja með viðkomandi RIM þjónustu, sem þú skalt kynna þér og skoða á hverjum tíma þar sem RIM kann að gera breytingar í framtíðinni. Þú samþykkir að RIM bera enga ábyrgð á og er ekki bótaskyld að neinu leyti fyrir tap, eyðingu á, óleyfðan aðgang að eða misbresti á að geyma neitt efni/innihald og svo framarlega sem þú hefur nauðsynleg réttindi og leyfi til að gera slíkt, þá átt þú að hafa öryggisafrit af öllu innihaldi sem þú telur mikilvægt að varðveita.
- (c) Efni þitt. Að öðru leyti en var sérstaklega tekið fram í þessum samningi eða í viðauka við hann, flytur þessi samningur ekkert eignarhald af efni þínu yfir til RIM. Með tilliti til einhvers slíks efnis sem þú eða leyfðir notendur þínir gera aðgengilegt til notkunar á opinberum vefsíðum eða á öðrum opnum vettvangi innan RIM þjónustunnar, veitir þú RIM eilíft, óafturkallanlegt, framseljanlegt, gjaldfrítt og almennt hnattrænt leyfi til að nota, dreifa, endurskapa, breyta, aðlaga, flytja opinberlega, og birta opinberlega það innihald sem er innan skynsamlegra marka í tengslum við ákvæði og stjórnun allrar RIM þjónustu, og í tengslum við allt efni sem þú eða leyfður notandi

þinn gerir aðgengilegt fyrir önnur svið RIM þjónustunnar, þá veitir þú RIM hnattrænt, gjaldfrjálst almennt leyfi til að nota, dreifa, endurskapa, breyta, aðlaga, flytja opinberlega eða birta opinberlega efni sem er innan skynsamlegra marka krafist að þér sé veitt samkvæmt RIM þjónustunni; og þú ábyrgist og skuldbindur þig í báðum tilvikum til að þú hafir leyfi til að veita RIM slíkt leyfi.

- (d) Særandi efni og hlutir þriðja aðila. Þú skilur að með því að nota BlackBerry lausn þína eða þjónustu þriðja aðila, getur þú eða leyfðir notendur þínir orðið berskjaldaðir gagnvart efni eða hlutum þriðja aðila sem eru eða sem leyfðir notendur þínir gætu talið vera móðgandi, ósæmilegt eða að öðru leyti særandi. RIM og leyfishafar þess skulu hafa rétt (en ekki skyldu) til að upp á sitt eindæmi að forskoða, neita eða fjarlægja alla hluti þriðja aðila frá sérhverri RIM þjónustu.
- (e) Stjórnun foreldra og eftirlit fullorðinna. Hlutar af BlackBerry lausn þinni eða þjónustu þriðja aðila geta falið í sér stillingar sem leyfa þér að útiloka eða sía visst efni, RIM þjónustu, þjónustu þriðja aðila eða tengingar við þriðja aðila. Það er algjörlega á þína ábyrgð að velja og gera slíkar stillingar og takmarkanir mögulegar eftir því sem þú velur sjálf(ur). RIM tryggir ekki að slíkar stillingar sé óbrigðular, muni útiloka allt viðkomandi efni, RIM þjónustu, þjónustu þriðja aðila, eða tengingar við þriðju aðila, eða að slíkar stillingar geti ekki verið gerðar óvirkar eða komist fram hjá þeim af öðrum sem hafa aðgang að BlackBerry lausn þinni. Ef þú leyfir barninu þínu að horfa á, skoða eða fá aðgang að hugbúnaði, RIM þjónustu, þjónustu þriðja aðila eða hlutum þriðja aðila á lófatölvu þinni, þá er það á þína ábyrgð að ákvarða hvort slíkur hugbúnaður, RIM þjónusta, þjónusta þriðja aðila eða hlutir þriðja aðila eru viðeigandi fyrir barn þitt, og þú berð fulla ábyrgð á aðgengi barns þíns og notkun þess á hugbúnaðinum, RIM þjónustunni, þjónustu þriðja aðila og hlutum þriðja aðila, þar með talið öllum fjárhagslegum breytingum eða annarri skaðabótaskyldu sem hefur skapast vegna slíkrar notkunar eða slíks aðgangs.
- (f) Að fjarlægja hugbúnað og hluti þriðja aðila. Þú samþykkir á hverjum tíma að RIM megi fjarlægja hugbúnað eða hluti þriðja aðila frá sérhverri RIM þjónustu þar með talið úr RIME verslun eða My World og, þar sem þess er krafist lagalega eða þar sem hugbúnaður eða hlutur þriðja aðila truflar, dregur úr virkni, eða hefur neikvæð áhrif á allan hugbúnað, hardware, kerfi, netkerfi eða gögn, þar með talið allir hlutar af BlackBerry lausn þinni eða/og lausn annarra, og megi fjarlægja slíkan hugbúnað eða hlut þriðja aðila úr lófatölvu þinni, afturkalla aðgang að viðkomandi RIM þjónustu eða þjónustu þriðja aðila í óákveðinn tíma, án þess að tilkynna þér það, og vegna kafla 6(a). Þú munt ekki hafa neinn rétt til að leita til RIM komi þetta fyrir.
- (g) Viðbótar réttur til afturköllunar. Nema að því leyti sem er bannað samkvæmt lögum, áskilur RIM sér allan rétt upp á sitt eindæmi og hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er og án tilkynningar til þín, að breyta, afturkalla, fjarlægja, gera óvirka, takmarka, koma í veg fyrir eða binda enda á aðgang þinn og fjarlægja úr BlackBerry lófatölvu þinni allan hugbúnað eða hlut þriðja aðila, þ.m.t. gera óvirkan eða fjarlægja stórnun slíks efnis sem hefur þegar verið sett upp á lófatölvu, og þú munt ekki hafa neinn rétt til að leita til RIM komi þetta fyrir.

8. Öryggismál sem tengjast notkun á tækninni.

- (a) Líkamleg einkenni. Í sjaldgæfum tilvikum upplifir fólk flog eða aðsvif vegna þess að það horfir á blikkandi ljós eða munstur sem er oft að finna í tæknibúnaði eins og myndbandsleikjum. Ef þú orðið fyrir slíku, eða ef þú hefur upplifað einhverja ógleði, ósjálfráðar hreyfingar, eyrnasuð, dofa, sjóntruflanir við notkun slíkrar tækni í fortíðinni, skaltu ráðfæra þig við lækni þinn áður en þú notar svipaða tækni og ættir strax að hætta allri notkun slíkrar tækni ef einkennin skyldu koma fram á ný. Í öllu falli skaltu forðast langvarandi notkun tækninnar til að lágmarka öll möguleg óþægindi eða þreytu, þar með talið allt álag á vöðva, liði eða augu og þú skalt fylgjast vandlega með notkun barna þinna á tækninni til að forðast hugsanleg vandamál.

- (b) Neyðarþjónusta. Myndbandasímtala-aðgerðir með hjálp Blackberry lófahugbúnaðarins eru ekki tengdar almennum símkerfum (PSTN), nota ekki símanúmer til að hafa samskipti við önnur tæki og eru ekki hannaðar eða ætlaðar til að koma í staðinn fyrir venjulegan farsíma eða tengda símalínu. Að auki, viðurkennir þú og samþykkir að hvorki BlackBerry Mobile talskilaboða hugbúnaðurinn ("MVS") né heldur myndbandasímtala - möguleikar hugbúnaðarins eru hannaðir eða ætlaðir til að koma í veg fyrir hefðbundna tengda símalínu þína eða þráðlausan farsíma og að ekki má nota hugbúnaðinn til að hringja til "911", "112", "999", "000" eða annarra númera sem skal nota í neyðartilvikum fyrir almenning (almannavarnir) eða fyrir svipaða neyðarþjónustu samkvæmt staðbundnum samskipta lögum á hverjum stað ("Neyðarþjónusta "). Símtöl í neyðarlínuna eru ekki unnin gegnum myndbandssímtala kerfið eða MVS, og munu einungis geta unnið úr símtölum frá BlackBerry lófátölvum þar sem þráðlaus farsímanet eru aðgengileg frá viðkomandi símafyrirtæki. Þú skilur og samþykkir að viðbótar skipulag sem er aðskilið frá MVS kerfinu eða myndbandssímtala kerfinu sem er í hugbúnaðinum, verður að setja upp til að fá aðgang að neyðarlínunni, og að RIM fyrirtækjahópurinn og starfsmenn þeirra, stjórnendur og fulltrúar skulu ekki bera neina ábyrgð að neinu leiti á hvaða líkamstjóni sem er, dauða eða tjóni sem kann að orsakast í tengingu við að ekki er hægt að fá aðgang að neyðarlínunni gegnum MVS kerfið eða myndbandssímtala kerfið innan hugbúnaðarins.

9. RIME verslanir. Eftirfarandi viðbótarskilmálar og skilyrði eiga við um þig og notkun leyfðra notenda þinna á RIME versluninni:

- (a) Skilmálar tilboða sem eiga við. Nema sem er sérstaklega tekið fram í þessum kafla 9, eiga allir skilmálar og öll skilyrði í þessum samningi er snerta hugbúnað, RIM vörur, hluti þriðja aðila, RIM þjónustu og þjónustu þriðja aðila við um samsvarandi tegund tilboða. RIME sér um öll netviðskipti fyrir RIM fyrirtækjahópinn innan þíns lögsagnarumdæmis, og þar af leiðir, í samhengi dreifingar á RIME verslunar tilboðum og innkaupum á In-App vörum, að allar tilvísanir í samningnum við RIM skulu vera taldar eiga við um RIME.
- (b) Breytingar. RIME áskilur sér allan rétt upp á sitt eindæmi til að framkvæma allar uppfærslur, breytingar og stillingar á RIME versluninni án þess að tilkynna það fyrirfram, þar með talið að breyta fánægum tilboðum, lýsingum á tilboðum og skilmálum, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar eru einungis framvirkar.
- (c) Staðsetning tilboða. Þrátt fyrir að ákveðið tilboð sé birt í RIME versluninni getur verið að það sé ekki fánlegt gegnum RIME verslunina í öllum lögsagnarumdæmum. RIME áskilur sér rétt, upp á sitt eindæmi til að útiloka eða takmarka að öðru leyti ákvæði allra tilboða til einstaklings eða aðila sem er búsettur innan einhvers lögsagnarumdæmis eða landfræðilegs svæðis, og að nota tækni og upplýsingar er tengjast burðartæki og/eða tæki þínu til að auðkenna lögsagnarumdæmi þitt eða landsvæði til þess að geta beitt slíkum útilokunum eða takmörkunum. Án þess að takmarka það sem á undan er gengið má einungis hlaða niður tilboðum, setja þau upp og/eða nota þau í lögsagnarumdæmum sem eru leyfð af viðkomandi skilmálum seljanda (skilgreind hér að neðan) eða sem eru að öðru leiti ákvarðaðir af seljanda. In-App vörurnar eru einungis tiltækar í þeim lögsagnarumdæmum þar sem RIME verslunar tilboð þar sem In-App vörur eru gerðar aðgengilegar eru einnig fánlegar.
- (d) Ólöggráða börn. Vörur í boði eru ætlaðar einstaklingum með getu og hæfi til að samþykkja lagalega að veita nauðsynlegar upplýsingar og gangast undir samninga. Þú samþykkir að hafa eftirlit með og bera ábyrgð á allri notkun ólöggráða barna á RIME versluninni og kaupum á In-App vörum í þínu nafni eða með þínum aðgangi.

- (e) Þjónustuveitendur. RIME kann að nota ýmsa þjónustuveitendur, þ.m.t. önnur aðildarfyrirtæki RIM fyrirtækjasamsteypunnar til að hýsa, starfrækja, efna skuldbindingar og veita aðra þjónustu fyrir RIME verslunina/verslanirnar og BlackBerry greiðsluþjónustuna ("Þjónustuveitendur").
- (f) Skráðir seljendur sem þriðju aðilar. RIME gerir RIME verslanirnar aðgengilegar þér og viðurkenndum notendum þínum, en er þó ekki í öllum tilfellum skráður seljandi í öllum RIME verslunum eða sölustöðum eða við öll kaup á In-App vörum. Skráðir seljendur sem eru þriðju aðilar verða tilgreindir við kaup í RIME verslun eða við kaup á In-App vöru og veita þeir þér þjónustu frá þriðja aðila og kunna, auk viðbótarskilmála, að krefjast þess að þú hafir reikning hjá tiltekinni greiðslugátt, svo sem PayPal, Inc til að geta verslað.
- (g) Skilmálar söluaðila. Réttur þinn til að nota vöru sem dreift er um RIME verslun, þar með talinn réttur þinn til aðgangs og notkunar vöru sem er þjónusta, er háður skilmálum þeirra notendasamninga sem fylgja vörunni ("Skilmálar söluaðila"). Ef söluaðili vöru leggur ekki fram skilmála söluaðila í tengslum við vöru, samþykkir þú að notkun þín á slíkri vöru falli undir skilmála samnings með sömu skilmála og þessi samningur, líkt og varan væri hugbúnaður eða RIM þjónusta (eins og við á) sem er hluti BlackBerry lausnar þinnar, með eftirfarandi breytingum: i) Söluaðili vöru skal teljast leyfisveitandi eða þjónustuveitandi eins og við á, ii) Varan er gerð aðgengileg þér af RIME eða hlutdeildarfélagum þess í því ástandi sem hún er ("AS IS") og eftir því sem hún er tiltæk ("AS AVAILABLE"), án beinna eða óbeinna skilyrða, framsals, trygginga, fyrirsvars eða ábyrgða; og iii) líkt og milli þín og RIME gilda takmarkanir og undanþágur á bótaábyrgð og endurgreiðslu sem tilgreindar eru í þessum samningi fyrir viðkomandi gerð vöru frá þriðja aðila en ekki fyrir hugbúnað eða RIM þjónustu.
- (h) Vörur til einkanota á BlackBerry lófátölvum og ekki til endursölu. Án tillits til neinna skilmála í skilmálum tiltekinnar vöru, samþykkir þú og staðfestir að þú munir aðeins verða þér úti um vörur til þinna eigin nota og ekki til sölu eða endursölu og að þú munir sækja, setja upp og/eða nota vörur sem eru hugbúnaður, aðeins á RIM stýrikerfi sem keyrir á lófátölvu.
- (i) Takmörkuð aðstoð. Í tengslum við RIME verslun og vörur þriðja aðila og þjónustu þriðja aðila sem boðið er upp á í RIME verslun, ber RIME ábyrgð á: (a) takmarkaðri þjónustu sem lýtur einungis að vandamálum er snúa að því að sækja hugbúnað og vörur frá þriðja aðila; og (b) fyrstu aðstoð vegna tæknilegra vandamála sem upp kunna að koma í tengslum við hugbúnað BlackBerry lófátölvu sem sér um aðgang að og notkun á RIME versluninni. Vinsamlegast leitid upplýsinga um þá aðstoð sem í boði er hverju sinni á hjálparsíðum viðkomandi RIME verslunar.
- (j) Keyptar uppfærslur. Í sumum tilfellum kann RIM að bjóða þér grunnútgáfur eða tímabundnar útgáfur RIM þjónustu eða hugbúnaðar, ýmist á búnaðinum eins og hann er afhentur eða í gegn um RIME verslun, en krefjast þess að þú kaupir uppfærða útgáfu RIM þjónustunnar (eða uppfærða áskrift að RIM þjónustunni) eða slíks hugbúnaðar til að fá aðgang að frekari virkni eða til að nota RIM þjónustuna eða hugbúnaðinn að reynslutíma loknum.
- (k) Ábyrgð skráðra seljenda og RIME á vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila. Hvorki skráðir seljendur sem eru þriðju aðilar eða RIME hafa tæknilega sérþekkingu á vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila sem aðgengileg er í RIME verslun. Söluaðilar vöru eru ábyrgir fyrir ábyrgð og þjónustu vegna vöru sinnar. Þú nýtur ábyrgðar söluaðila vöru (ef einhver er) með vöru þeirra. Ábyrgðir eru breytilegar á milli söluaðila vöru og jafnvel milli varnarþinga viðkomandi söluaðila vöru. Til að komast að því hvaða þjónustu söluaðili býður upp á vegna tiltekinnar vöru og hvaða rétt þú hefur varðandi þjónustu og ábyrgð skaltu skoða viðeigandi skjöl eða skilmála söluaðila vöru sem fylgja vörunni. Ef annað er ekki ákveðið, eða krafist í lögum, nær ábyrgð sem veitt er í tengslum við vöruna aðeins til þín á grundvelli þess skilnings að þú sért notandi og ekki

endursöluaðili vörunnar. Að undanskildu því sem beinlínis er krafist í lögum, eða skilareglum skráðs seljanda (ef einhverjar eru) hvað varðar tiltekna vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila, ber hvorki skráðum seljanda né RIME hvort sem það kemur fram á eigin vegum eða sem þjónustuveitandi skráðs seljanda, nein skylda til að veita neina tæknilega aðstoð eða aðstoð við notkun eða endurgreiðslu vegna vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila sem gerð er aðgengileg í RIME verslun.

- (l) Endurgreiðsla eða ábyrgðarréttindi. Ef RIME ber skylda samkvæmt þeim lögum sem gilda í varnarþingi þínu, þrátt fyrir ákvæði þessa samnings, að bjóða upp á viðbótar endurgreiðslu eða ábyrgðarréttindi vegna vöru, mun RIME veita slíkar úrbætur eins og krafist er samkvæmt slíkum lögum og þar sem slíkt er heimilt kann RIM að velja að afhenda aðra RIM vöru, hugbúnað, RIM þjónustu, vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila, eina eða fleiri.
- (m) In-App vörur og BlackBerry greiðsluþjónusta. BlackBerry greiðsluþjónustan gerir söluaðilum vöru kleift að bjóða þér stafrænar vörur og þjónustu innan vöruflokkanna hugbúnaður þriðja aðila (Third Party Software) eða hugbúnaður (Software). Þú staðfestir að In-App vörur frá þriðja aðila eru ekki vistaðar á netþjónum RIME, er ekki dreift í gegn um RIME verslunina og þú samþykkir að það er söluaðili þessara In-App vara, en ekki RIME, sem ber ábyrgð á að uppfylla pantanir þínar á In-App vörum og að afhenda þér In-App vörurnar.

10. My World. Þegar þú sækir hugbúnað eða vöru þriðja aðila í gegnum RIM þjónustu eða þjónustu þriðja aðila verður slík vara á þína ábyrgð og hvorki RIME né hlutdeildarfélag þess bera ábyrgð gagnvart þér á tapi, eyðileggingu eða skemmdum á nokkurri slíkri vöru. My World gagnasafnið gerir þér kleift að fjarlægja og setja upp að nýju ákveðinn hugbúnað og vörur þriðja aðila á lófatölvunni þinni eins og frekar er lýst í þeim reglum My World sem eru í gildi á þeim tíma. Þú staðfestir og samþykkir að reglur og eiginleikar My World kunna að breytast af og til og samþykkir að fylgja þeim reglum sem eru í gildi á hverjum tíma.

11. Hugverk. Hvorki þú né viðurkenndir notendur þínir eignast hér með neinn eignarrétt, réttindi eða hagsmuni í eða af neinum hugverkum eða öðrum eignarrétti, þar með talið einkaleyfum, hönnun, vörumerkjum, höfundarrétti, aðgangi að gagnagrunnum eða rétti til neinna trúnaðarupplýsinga eða viðskiptaleyndarmála í, eða tengdum BlackBerry lausn þinni eða nokkrum hluta hennar, þ.m.t. efni sem RIM eða hlutdeildarfélag þess og birgjar þeirra gera aðgengilegt sem hluta RIM þjónustunnar, samkvæmt samningi þessum. Þú öðlast heldur engin leyfisréttindi í eða tengd BlackBerry lausn þinni eða nokkrum hluta hennar, eða í neinu efni sem þú færð aðgang að með RIM þjónustunni, önnur en þau réttindi sem sérstaklega eru veitt þér í þessum samningi, í tengdum skjölum eða í öðrum, gagnkvæmum, skriflegum samningum sem þú kannt að hafa gert við RIM. Enginn eignarréttur og/eða umráðaréttur yfir RIM vöru/vörum (ef einhverjar) er veittur með þessum samningi og þér er ekki veittur neinn réttur til hvers konar Beta-vélbúnaðar. Allur réttur sem ekki er beinlínis veittur í samningi þessum er áskilinn. Til nánari skýringar ná engin notkunarleyfi vegna einkaleyfa sem veitt eru í hugbúnaðinum til, að undanskildu því sem fram kemur í þessum samningi, né skal litið svo á að þau nái til, notkunar neinnar þjónustu þriðja aðila, né vöru þriðja aðila, hvorki einnar og sér eða í tengslum við BlackBerry lausn þína og aldrei, án takmörkunar á því sem á undan er sagt, skal líta svo á að neinn birgir slíkrar þjónustu þriðja aðila eða vöru þriðja aðila geti fullyrt að notkun slíkrar þjónustu þriðja aðila eða vöru þriðja aðila, annað hvort í tengslum við hluta eða alla BlackBerry lausnina eða einnar og sér, sé heimil samkvæmt einkaleyfum RIM á grundvelli þess að í samningi þessum sé veitt leyfi fyrir notkun hugbúnaðarins. Hugbúnaðurinn og öll afrit sem þú gerir af hugbúnaðinum er aðeins afhentur með notkunarleyfi, en ekki seldur þér og hugbúnaðurinn, öll skjöl og allt efni sem RIM eða hlutdeildarfélag þess afhenda þér sem hluta af RIM þjónustu og allar vefsíður sem veita þér aðgang að hvers konar RIM þjónustu eru varin af kanadískum, bandarískum og alþjóðlegum lögum um höfundarrétt og einkaleyfi og ákvæðum alþjóðlegra samninga. Við broti á hugverkarétti liggja alvarlegar refsingar, bæði einkaréttarlegar og refsiréttarlegar. Þú samþykkir að ekkert í þessum samningi mun hafa neikvæð áhrif á neinn rétt eða kröfu um úrbætur, þ.m.t. lögbannskröfu sem RIM og miðlaðar efnis fyrir RIM þjónustu kunna að hafa eða fara fram á í samræmi við viðeigandi lög sem tengjast vernd á hugverkum RIM eða efnisveitanda eða öðrum eignarrétti.

12. Takmörkun á útflutningi, innflutningi og notkun og leyfi til bandarískra stjórnvalda. Þú samþykkir að RIM vörur og hugbúnaður kann að innihalda dulkóðunartækni og er ekki til útflutnings, innflutnings, notkunar, framsals eða endurútflutnings nema í samræmi við viðeigandi lög og reglur viðkomandi stjórnvalda. Hér með staðfestir þú að: (A) samkvæmt þinni bestu vitund hefur þú heimild til að taka við RIM vöru/-m og hugbúnaði samkvæmt lögum; (B) þú munt ekki nota RIM vörur og hugbúnað við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, viðhald, geymslu, skynjun, greiningu eða dreifingu á efna-, sýkla- eða kjarnorkuvopnum eða flugskeytum sem bera þau, eða efni eða búnaði sem hægt er að nota í slík vopn eða flugskeyti sem bera þau eða endurselja eða flytja út til neins aðila sem tengist slíkri starfsemi; og (C) þú munt tryggja að viðurkenndir notendur muni nota RIM vöru/vörur og hugbúnað í samræmi við ofangreindar takmarkanir. Án tillits til samninga við þriðja aðila eða ákvæði laga, regla eða stefnu, ef þú ert stofnun á vegum bandarískra stjórnvalda ná réttindi þín varðandi hugbúnaðinn ekki lengra en þau réttindi sem tilgreind eru í þessum samningi, nema sérstaklega sé kveðið á um slíkt í skriflegum samningi milli þín og RIM, sem undirritaður hefur verið af rekstrarstjóra eða framkvæmdastjóra RIM.

13. Öryggi, reikningar og aðgangsorð. Þú samþykkir að taka fulla ábyrgð á að innleiða viðeigandi öryggisviðbúnað til að stjórna aðgangi að lófatölvu þinni og tölvukerfinu sem það starfar með. Án þess að takmarka ofangreint samþykkir þú að velja öflug aðgangsorð og viðhalda öryggi og trúnaði um öll aðgangsorð sem notuð eru til að fá aðgang að BlackBerry lausn þinni eða einhverjum hluta hennar, þ.m.t. aðgangsorðum að öllum reikningum sem stofnaðir eru í tengslum við BlackBerry lausn þína. Jafnframt samþykkir þú að þú berð ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með aðgangsorðum þínum eða með eða í gegn um reikninga þína, þ.m.t. allar gjaldfærslur eða aðra skilmála sem gengist er undir með slíkum aðgerðum. Þú samþykkir að tilkynna RIM tafarlaust um alla óheimila notkun á BlackBerry lausn þinni eða hluta hennar, þ.m.t. öllum aðgangsorðum fyrir sérhvern hluta BlackBerry lausnar þinnar með því að hafa samband við RIM notendapjónustuna (upplýsingar um hvernig hafa má samband eru á www.blackberry.com/support). RIM getur gripið til sérhverra aðgerða sem fyrirtækið telur viðeigandi þegar slík tilkynning hefur borist, en ber engin skylda til að grípa til neinna aðgerða. Þú samþykkir að tilkynning til RIM, líkt og kveðið er á um hér fyrir ofan, leysir þig ekki undan ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með aðgangsorðum þínum eða í gegn um reikninga þína.

14. Skripti á, eða tap/þjófnaður á búnaði; Afritun/gagnaeyðing

- (a) Tap/þjófnaður á búnaði. Ef þú heldur að lófatölvu þinni hafi verið stolið skaltu hafa samband við lögreglu. Ef lófatölva þín er týnd eða þú heldur að henni hafi verið stolið og þú hefur skráð lófatölvu þína hjá RIM þjónustu, á borð við BlackBerry Protect, sem býður upp á staðsetningu búnaðar, læsingu eða fjarvirka gagnaeyðingu skaltu nota slíka RIM þjónustu til að reyna að finna lófatölvuna, eyða gögnum hennar eða læsa henni. Án tillits til ofangreinds og án takmörkunar á almennum fyrirvörum í kafla 22, getur RIM og hlutdeildarfélag þess ekki tryggt að: (i) upplýsingar um staðsetningu eða aðrar upplýsingar sem aðgengileg eru með slíkri þjónustu séu tiltækar, nákvæmar, fullnægjandi, öruggar eða tímanlegar, né (ii) að fjarvirk eyðing, fjarvirk læsing eða önnur virkni slíkrar þjónustu sé framkvæmd á fullnægjandi hátt, þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að Airtime þjónustu Airtime þjónustuveitanda þíns, ástand lófatölvunnar og ástand kerfis þegar slík beiðni kann að berast.
- (b) Afritun/gagnaeyðing. RIM mælir með, svo framarlega sem þú hafir nauðsynleg réttindi eða leyfi til slíks, að þú afritir reglulega allan tölvupóst, efni og hugbúnað þriðja aðila sem þú aflar þér og/eða önnur gögn á lófatölvu þinni, þar sem slík gögn eru oft ekki geymd eða afrituð á annan hátt af, eða fyrir hönd RIM. Ef þú framselur lófatölvuna þína (í samræmi við heimildir í BBSLA) af einhverri ástæðu, þ.m.t. í tengslum við þjónustu við lófatölvuna þína, eru gögn þín aðgengileg þeim einstaklingi sem fær þá lófatölvu í hendur, nema þú eyðir öllum gögnum úr lófatölvunni og fjarlægir allar minnisstækkar. Ef lófatölvu þinni er skilað til þín eftir að gögnum hefur verið eytt og hún framseld, t.d. eftir þjónstuvíðgerð, verður þú að innsetja að nýju allan hugbúnað sem ekki fylgdi upphaflega með lófatölvunni.

- (c) Aftenging búnaðar. Einhverjar RIM þjónustur, á borð við BlackBerry Protect og BlackBerry Internet Service heimila þér að aftengja lófatölvu þína frá slíkri RIM þjónustu. Ef lófatölva þín týnist, henni er stolið, hún er framseld af einhverri ástæðu eða ef þú vilt ekki lengur tengja lófatölvu þína við slíka RIM þjónustu berð þú ábyrgð á því að aftengja lófatölvu þína frá slíkri RIM þjónustu.

15. Trúnaður og bann við vendismíði. Þú staðfestir og samþykkir að BlackBerry lausn þín var: (a) þróuð með umtalsverðum tíma og kostnaði fyrir RIM og/eða RIM fyrirtækjasamsteypuna; og (b) að RIM vörur, RIM þjónusta, hugbúnaður og tengd aðgangssleyfi (CAL), þ.m.t. Beta-vörur, innihalda trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. viðskiptaleyndarmál RIM, RIM fyrirtækjasamsteypunnar og birgja þeirra. Án þess að takmarka undangreint gildir um Beta-vörur að trúnaðarupplýsingar fela í sér útlit, viðmót ("look and feel"), afköst, tæknilýsingu, eiginleika og virkni hugbúnaðar og vélbúnaðar og mátt hvorki þú né viðurkenndir notendur þínir ræða eða sýna slíkt almenningi á neinn hátt fyrir en RIM hefur kynnt það opinberlega. Þessi samningur veitir þér ekki rétt til aðgangs að frumkóða hugbúnaðarins, RIM þjónustu, vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila frá RIM, hlutdeildarfélagum þess eða dreifingaraðilum og þú samþykkir, nema að því leiti sem RIM er sértaklega bannað samkvæmt lögum að koma í veg fyrir slíkt, að hvorki þú né viðurkenndir notendur þínir muni breyta, lagfæra, aðlaga, gera afleiddan búnað, þýða, afmynda eða vendismíða hugbúnaðinn og/eða tengd aðgangssleyfi, RIM þjónustu eða vörur þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila eða reyna að gera slíkt, eða leyfa, samþykkja, heimila eða hvetja annan aðila til að gera slíkt. Hvað varðar samning þennan felur "vendismíði" í sér hvers konar vendismíði, þýðingu, afsömolun, bakþýðingu, afkóðun eða sundurhlutun (þ.m.t. hvers konar dembingu á RAM/ROM eða varanlegri gagnageymslu ("dumping of RAM/ROM or persistent storage"), hlerun á tengingu um þráð eða þráðlaust eða vendismíði í svörtum kassa ("black box" reverse engineering)) á gögnum, hugbúnaði (þ.m.t. viðmóti, samskiptareglum og öllum öðrum gögnum sem eru innbyggð í eða notuð með forritum sem kunna tæknilega séð ekki að falla undir hugbúnaðarkóða), þjónustu eða vélbúnaði, eða sérhverri aðferð eða verkferli til að komast yfir eða breyta upplýsingum, gögnum eða hugbúnaði af einu formi yfir í form sem læsilegt er mönnum.

16. Gildistími. Þessi samningur tekur gildi um leið og þú samþykkir að gangast undir skilmála þessa samnings (líkt og lýst er í inngangi hér að ofan) og heldur gildi sínu þar til honum er rift í samræmi við ákvæði sem lýst er hér.

17. Úrræði og riftun.

Til viðbótar öðrum rétti og úrræðum RIM sem sett eru fram í þessum samningi:

- (a) Ef þú eða viðurkenndur notandi þinn brýtur samning þennan, getur RIM eða fulltrúi fyrirtækisins gripið til ákveðinna aðgerða, en er ekki skylt að gera slíkt, sem taldar eru viðeigandi. Slíkar aðgerðir geta verið að efni sé fjarlæggt tímabundið eða varanlega, lokað sé fyrir sendingar um internetið að fullu eða hluta, og/eða tafarlaus afturköllun eða riftun á öllum eða einhverjum hluta BlackBerry lausna þinna eða sérhverri vöru þriðja aðila sem notuð er samhliða BlackBerry lausn þinni.
- (b) RIM kann, til viðbótar við annan rétt og úrræði sem tilgreind eru í samningi þessum eða samkvæmt lögum að; (i) rifta tafarlaust samningi þessum og sérhverjum öðrum leyfissamningi milli þín og RIM vegna annarra hluta BlackBerry lausnar þinnar sem notuð er af þér eða viðurkenndum notendum þínum með hugbúnaðinum ef þú brýtur samning þennan, eða einhvern viðauka eða annan samning sem í gildi er milli þín og RIM eða hlutdeildarfélags fyrirtækisins, þ.m.t. með því að borga ekki sérhver gjöld innan þrjátíu (30) daga frá gjaldfellingu þeirra; og/eða (ii) hætta að veita þér eða viðurkenndum notendum þínum sérhverja RIM þjónustu í tengslum við BlackBerry lausn þína. Hafir þú veitt RIM réttar upplýsingar um hvernig hafa má samband við þig, mun RIM leita allra eðlilegra leiða til að láta þig vita af riftuninni.

- (c) Ef einhver hugbúnaður á BlackBerry lófátölvu er hannaður til að gera þér kleift að nýta tiltekna þjónustu þriðja aðila og hætta á að veita þér slíka þjónustu þriðja aðila af einhverri ástæðu, kann RIM, en ber ekki skylda til, að rifta leyfi þínu til notkunar þess hugbúnaðar á BlackBerry lófátölvu hvenær sem er, með eða án tilkynningar um slíkt; þó mun RIM, ef það er mögulegt, leita allra eðlilegra leiða til að láta þig vita af riftuninni. Hafir þú greitt RIM fyrir slíkan hugbúnað fyrir BlackBerry lófátölvu og hefur ekki brotið samning þennan, kann þú að eiga rétt á endurgreiðslu allrar eða hluta þeirrar upphæðar sem þú greiddir RIM fyrir slíkan hugbúnað fyrir BlackBerry lófátölvu, eins og tilgreint er í reglum RIM um endurgreiðslu vegna hugbúnaðar fyrir BlackBerry lófátölvur sem í gildi eru hverju sinni. Slík endurgreiðsla, ef einhver er, er eini réttur þinn og eina bótaábyrgð RIM gagnvar þér ef slíku leyfi er rift.
- (d) Að auki getur RIM rift þessum samningi og/eða hætt tafarlaust að veita RIM þjónustu án nokkurrar bótaábyrgðar gagnvart þér eða viðurkenndum notendum þínum ef RIM er meinað að veita RIM þjónustu að hluta eða öllu leiti samkvæmt lögum, reglum, kröfum eða úrskurði á hvaða formi sem er frá dómara eða öðru stjórnvaldi, eða ef tilkynning frá stjórnvaldi eða deild innan þess bendir til að RIM sé ekki heimild að veita RIM þjónustu að hluta eða öllu leiti. Ekkert í þessum samningi skal skilja sem kröfu á hendur RIM til að fá undanþágu frá slíkum lögum, reglum eða takmörkunum eða leita endurskoðunar eða áfrýjunar dómsúrskurðar. Ef mögulegt er skal RIM leita allra eðlilegra leiða til að veita þér þrjátíu (30) daga fyrirvara á slíkri riftun eða lokun á RIM þjónustu sem greitt hefur verið fyrir.
- (e) Fyrir utan það sem sérstaklega er tilgreint hér, ber RIM enga bótaábyrgð gagnvart þér eða viðurkenndum notendum þínum vegna, eða í tengslum við riftun þessa samnings eða réttindum eða leyfum sem hann veitir, í samræmi við samning þennan.
- (f) Öll riftun RIM samkvæmt samningi þessum tekur gildi án tafar án þess að RIM þurfi að leita lagalegs eða stjórnvaldslegs samkomulags, samþykkis eða lausnar af neinu tagi í varnarþingi þínu.

18. Áhrif riftunar. Við riftun þessa samnings eða afhendingu sérhverrar RIM þjónustu til þín, hvernig sem á henni stendur, eða ef áskrift þín eða ókeypis reynslutími hugbúnaðarins eða sérhverrar RIM þjónustu rennur út, eða þegar reynslutími fyrir Beta-vörur rennur út eða er rift: (a) Hættir þú tafarlaust að nota hugbúnaðinn og RIM þjónustuna eða ef þessum samningi er ekki rift, hugbúnaðinn sem viðkomandi leyfi hefur verið rift, eða ef um er að ræða RIM þjónustu, afhendingu slíkrar RIM þjónustu hefur verið rift eða runnið út og skilar öllum eintökum slíks hugbúnaðar og, ef um er að ræða Beta-vörur, öllum Beta-vélbúnaði, sem þú og/eða viðurkenndir notendur þínir hafa aðgang að eða stjórn á; og (b) RIM hefur heimild til að stöðva allan flutning gagna til og frá slíkum hugbúnaði og/eða RIM þjónustu, án þess að tilkynna þér það sérstaklega. Þegar reikningi sem þú kannst að hafa hjá RIM er rift heimilar þú RIM að eyða öllum skjölum, forritum, gögnum og tölvupósti sem tengist slíkum reikningi, án þess að það sé tilkynnt þér sérstaklega. Þú munt áfram bera ábyrgð á öllum upphæðum, til og með riftunardegi, í tengslum við viðkomandi hugbúnað, RIM þjónustu og vörur þriðja aðila, þ.m.t. upphæðir sem skuldfærðar eru með samþykktum greiðslumáta þínum. Ef kemur til riftunar þessa samnings af hálfu RIM, á grundvelli ákvæða þessa samnings, verður þú að greiða RIM öll gjöld (þ.m.t. eðlilegan lögfræðikostnað) og tengd útgjöld sem RIM verður fyrir við að framfylgja réttindum þeim sem tilgreind eru hér. Án tillits til ofangreinds, vegna eðlis hugbúnaðarins, kann að vera ómögulegt að skila hugbúnaðinum, þar sem hann er innbyggður í vélbúnað sem þú átt (s.s. lófátölvu) og/eða hugbúnaðurinn kann að vera uppsettur á borðtölvu eða netþjóni svo aðeins er mögulegt að skila frekari afritum hugbúnaðarins. Í slíkum tilfellum skal hafa samband við RIM um netfangið legalinfo@rim.com til að fá frekari leiðbeiningar.

19. Skaðleysi/bótaábyrgð. Þú samþykkir að halda RIM, RIM fyrirtækjasamsteypunni, hlutdeildarfélagum RIM, birgjum, arftökum, fulltrúum, viðurkenndum dreifingaraðilum, (þ.m.t. Airtime þjónustuveitendum) og framsalshöfum og öllum stjórnendum, starfsmönnum og sjálfstæðum verktökum (hver um sig "skaðlaus RIM aðili") skaðlausum vegna hvers konar tjóns, taps, kostnaðar eða útgjalda (þ.m.t. eðlilegs lögfræðikostnaðar)

sem fellur á skaðlausan RIM aðila og að beiðni skaðlauss RIM aðila verja á þinn kostnað allar kröfur eða málshöfðun sem gerðar eru af þriðja aðila gagnvart skaðlausum RIM aðila vegna: (a) brots á einkaleyfisrétti eða öðrum hugverkarétti eða eignarrétti sem stafar af notkun sérhvers annars búnaðar (annars en BlackBerry lófátölvu), kerfis eða þjónustu í tengslum við BlackBerry lausn þína eða hluta hennar; eða (b) brots þíns á samningi þessum eða viðaukum við samning þennan. Engin úrræði RIM sem tilgreind eru hér útiloka eða skal álíta að útiloki nokkur úrræði sem tilgreind eru hér eða eru heimil samkvæmt lögum eða samkvæmt sanngirni, en öll slík úrræði skulu vera uppsöfnuð.

20. Takmörkuð ábyrgð.

(a) Hugbúnaður.

- (i) Ef hugbúnaðurinn, á meðan á níutíu (90) daga tímabili eftir að þér hefur verið afhentur hugbúnaðurinn ("ábyrgðartímabil"), eins og hann var afhentur af RIM eða viðurkenndum dreifingaraðila RIM, starfar ekki eins og honum er lýst í stöðluðum notendaskjölum fyrir þann hugbúnað ("tæknilýsing") þegar hann er notaður eins og tilgreint er af RIM í þeim skjölum sem eiga við viðkomandi gerð og útgáfu hugbúnaðarins í tengslum við aðra óbreytta hluta BlackBerry lausnar þinnar, mun RIM, að eigin vali og geðþótta, annað hvort gera eðlilegar tilraunir til að lagfæra, eða leiðbeina þér hvernig komast má framhjá vandanum (RIM getur útvegað þér lagfæringu eða leiðbeiningar að eigin, eðlilegum geðþótta á ýmsan hátt, hvort heldur með notendaaðstoð sem veitt er um síma eða tölvupóst, með almennri hugbúnaðaruppfærslu, á vefsíðu RIM eða á hvern þann máta sem RIM leggur til) eða endurgreiða þér þá eingreiðslu sem þú reiddir af hendi fyrir viðkomandi hugbúnað hafir þú hætt að nota hugbúnaðinn og miðlinum sem hugbúnaðurinn var afhentur á og öllum umbúðum tengdum honum er skilað til RIM í samræmi við hefðbundnar skilareglur vegna ábyrgðar (sem getur verið í gegnum Airtime þjónustuveitanda þinn, ef við á, eða greiðslumiðlun þína) innan ábyrgðartímabils auk staðfestingar á kaupum.
- (ii) Þrátt fyrir allt andstætt sem tilgreint er í þessum samningi eru uppfærslur og Beta-hugbúnaður sem afhentar eru án endurgjalds afhentar í því ástandi sem þær eru ("AS IS") og án nokkurrar ábyrgðar.
- (iii) Uppfærslur sem þú hefur greitt viðbótar leyfisgjöld fyrir bera sambærilega ábyrgð og tilgreind er hér fyrir ofan í níutíu (90) daga frá því uppfærsla fyrir sérhvern hugbúnað er afhent þér.
- (iv) Ofangreindar skyldur eiga ekki við ef hugbúnaðurinn virkar ekki eins og lýst er í tæknilýsingu ef eftirfarandi ástæðum: (A) notkun hugbúnaðarins á hvern þann hátt sem samræmist ekki skyldum þínum samkvæmt samningi þessum eða á hvern þann háttsem samræmist ekki leiðbeiningunum, þ.m.t. öryggisleiðbeiningunum, sem tilgreindar eru af RIM í þeim skjölum sem eiga við viðkomandi gerð og útgáfu hugbúnaðarins; eða (B) bilun eða önnur vandamál sem tengjast sérhverjum vélbúnaði (þ.m.t. þeim sem koma til vegna gallaðra lófátölva frá þriðja aðila), netkerfi, hugbúnaði eða samskiptakerfa (viðgerðir á gölluðum BlackBerry búnaði falla undir ábyrgð og/eða þjónustusamninga þeirrar RIM vöru); eða (C) öllum utanaðkomandi tilvikum sem hafa áhrif á hugbúnaðinn, þ.m.t. miðilinn sem hugbúnaðurinn er afhentur á, s.s. slysa, hamfara, losunar stöðurafmagns, elds, flóða, eldinga, vatns eða vinds, leiðréttinga á villum sem rekja má til hugbúnaðar, annars en hugbúnaðarins eða galla vegna viðgerða eða breytinga sem RIM hefur ekki heimilað.
- (v) Til skýringar, nema kveðið sé á um annað í viðeigandi lögum, á þessi ábyrgð aðeins við hugbúnað fyrir BlackBerry lófátölvur í nýjum lófátölvum og á ekki við hugbúnað fyrir BlackBerry lófátölvur sem fylgir notuðum eða endurnýttum lófátölvum.
- (vi) Engin ábyrgð er á ókeypis hugbúnaði sem sóttur á eftirmarkaði eða á ókeypis BlackBerry miðlara-hugbúnaði. Ef slíkur hugbúnaður starfar ekki í samræmi við skjöl sem honum

fylgja innan níutíu (90) daga eftir að hann er settur upp á lófátölvunni eða tölvunni, eins og við á, getur þú haft samband við RIM og RIM mun tilgreina þá aðstoð sem í boði er fyrir slíkan hugbúnað, ef einhver er (RIM getur útvegað þér slíka aðstoð að eigin, eðlilegum geðþóttá á ýmsan hátt, hvort heldur með notendaaðstoð sem veitt er um síma eða tölvupóst, með almennri hugbúnaðaruppfærslu, á vefsíðu RIM eða á hvern þann máta sem RIM leggur til).

- (vii) Þú staðfestir og samþykkir að þegar slíkur hugbúnaður er hannaður til að auðvelda þér aðgang að vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila, KANN RIM AÐ Hafa TAKMARKAÐA EÐA ENGA STJÓRN Á VIRKNI EÐA AFKÖSTUM EÐA AFKASTALEYSI SLÍKRAR VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA OG GETUR HUGSANLEGA EKKI ÚTVEGAÐ ÚRBÆTUR EÐA LEIÐ FRAMHJÁ VANDAMÁLISEM UPPKEMUR VARÐANDI ÞENNAHUGBÚNAÐ. RIM ber ekki ábyrgð á vörum þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila og í tengslum við slíkt verður þú að leita til þess sem veitanda slíkrar vöru eða þjónustu fyrir slíka vöru þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila varðandi ábyrgð. Ábyrgðir geta verið breytilegar milli veitanda og jafnvel milli varnarþinga viðkomandi þjónustuveitanda. Leita skal í viðeigandi skjöld eða skilmála veitanda til að sannreyna hvaða þjónustu veitandinn býður upp á varðandi tiltekna vöru eða þjónustu og réttindi þín í tengslum við aðstoð og ábyrgð.
- (viii) Þessi kafli tilgreinir einu skyldur RIM og einu úrræði þín varðandi hugbúnaðinn og sérhvern galla, villu, vandamál eða brot á ábyrgð fyrir hugbúnaðinn sem tilgreint er hér.

- (b) Vara/vörur. Hin takmarkaða ábyrgð, ef einhver er, á RIM vöru/vörum ("takmörkuð ábyrgð á vöru") er tilgreind í viðkomandi skjölum. Hin takmarkaða ábyrgð á vöru er eina ábyrgðin sem gildir fyrir sérhverja RIM vöru sem seld er samkvæmt skilmálum þessa sammings og tilgreinir einu úrræði þín varðandi RIM vörur og brot á hinni takmörkuðu ábyrgð á vöru. Beta-vélbúnaður er afhentur í því ástandi sem hann er hverju sinni ("AS IS") og án nokkurrar ábyrgðar. Vísað er í eftirfarandi undirkafla þess kafla sammingsins sem kallast "Almennt" (kafla 29) hér fyrir neðan í skilmálum takmarkaðrar ábyrgðar á vöru, sem bætt er við eins og þörf krefur svo þeir eigi við um takmarkaða ábyrgð á vöru: "Undanþágur vegna vanefnda" (kafla 29(b)), "Pól" (kafla 29(c)), "Aðgreinanleiki" (kafla 29(e)), "Tungumál" (kafla 29(f)) og "Samningur í heild" (kafla 29(h)). Með því að staðfesta samning þennan eins og tilgreint er hér að ofan, staðfestir þú að þú hafir lesið um takmarkaða ábyrgð á vöru og samþykkir skilmála hennar. Til útskýringar gildir "Takmörkuð ábyrgð á vöru" aðeins um nýja vöru/vörur RIM og einungis eftirstöðvar slíkrar ábyrgðar (ef einhverjar) gilda um endurnýttu vöru/vörur frá RIM, nema þegar viðeigandi lög kveða á um annað.

21. Aðstoð eftir að ábyrgð rennur út. Óskir þú aðstoðar frá RIM eftir að ábyrgðin rennur út skal hafa samband við RIM um netfangið sales@blackberry.com (eða eftir öðrum leiðum sem tilgreindar eru á <http://www.blackberry.com/legal/>) eða Airtime þjónustuveitanda þinn. Ef þriðji aðili hýsir hugbúnaðinn fyrir þína hönd ("Hýsingaraðili") og þú æskir þess að hýsingaraðilinn fái aðstoð vegna hugbúnaðarins frá RIM fyrir þína hönd, verður annað hvort þú eða hýsingaraðilinn að hafa gildan þjónustusamning við RIM vegna viðkomandi hugbúnaðar fyrir þann fjölda viðurkenndra notenda sem þú hefur og þú verður að upplýsa RIM reglulega um hvaða hugbúnaður er hýstur fyrir þína hönd með því að senda tölvupóst á sales@blackberry.com (eða annað netfang sem tilgreint er á <http://www.blackberry.com/legal/>) sem tilgreinir hugbúnaðinn, fjölda eintaka sem þú hefur leyfi fyrir auk SRP ID og CAL eins og við á. Aðstoð vegna BlackBerry lausnar þinnar er hugsanlega ekki í boði í gegn um ákveðna Airtime þjónustuveitendur.

22. Fyrirvari.

LÖG Í EINHVERJUM VARNARÞINGUM KUNNA AÐ BANNA TAKMÖRKUN Á BÓTAÁBYRGÐ EÐA UNÐANÞÁGU ÁBYRGÐAR, ÁSTANDS, FRAMSALS, TRYGGINGA, FULLVISSU EÐA

FYRIRSVARS Í NEYTENDASAMNINGUM OG SVO FRAMARLEGA SEM ÞÚ ER NEYTANDI ER HUGSANLEGT AÐ ÞESSAR UNÐANÞÁGUR EIGI EKKI VIÐ ÞIG.

(a) Almenn ábyrgð.

- (i) AÐ SVO MIKLU LEITI SEM ÞAÐ ER HEIMILT SAMKVÆMT VIÐKOMANDI LÖGUM, NEMA EINS OG SÉRSTAKLEGA ER TILGREINT Í SAMNINGI ÞESSUM, ERU ALLT ÁSTAND, FRAMSAL, TRYGGINGAR, FULLVISSA, FYRIRSVAR EÐA ÁBYRGÐ AF NOKKRU TAGI, BEINAR EÐA ÓBEINAR, Þ.M.T. ALLT ÁSTAND, FRAMSAL, TRYGGINGAR, FYRIRSVAR EÐA ÁBYRGÐ Á ENDINGU, HÆFI TIL TILTEKINNA NOTA, SÖLUHÆFI, SÖLUGÆÐI, BROTTLEYSI, FULLNÆGJANDI GÆÐI EÐA EIGNARRÉTTUR EÐA ATVIK SEM KOMA TIL VEGNA LAGABOÐS EÐA HEFÐAR EÐA VIÐSKIPTA EÐA NOTA VIÐ VIÐSKIPTI OG ALLAR AÐRAR ÁBYRGÐIR, FYRIRSVAR, ÁSTAND, FRAMSAL EÐA TRYGGINGAR AF NOKKRU TAGI, HVORT HELDUR BEINAR EÐA ÓBEINAR, HÉR MEÐ UNÐANSKILDAR OG UNÐANÞEGNAR. AÐ SVO MIKLU LEITI SEM ÞAÐ ER HEIMILT SAMKVÆMT VIÐKOMANDI LÖGUM, GILDA LÖG UM SÖLU TIL NEYTENDA (NR. 48/2003) AÐEINS UM GALLA Í VÖRUM SEM TILGREINDAR ERU Í ÞEIM LÖGUM OG MÁ EKKI TÚLKA SEM ÞAU GILDI UM AÐRA HLUTA BLACKBERRY LAUSNARINNAR EÐA AÐRA GALLA EÐA SKORTI HJÁ RIM VIÐ AÐ UPPFYLLA SKYLDUR SÍNAR SAMKVÆMT SAMNINGI ÞESSUM.
- (ii) Að svo miklu leiti sem það er heimilt samkvæmt viðkomandi lögum eru allar óbeinar ábyrgðir eða ástand sem tengist hugbúnaðinum svo framarlega sem ekki er hægt að undanskilja þær samkvæmt ofangreindu, en hægt er að takmarka, hér með takmarkaðar við níutíu (90) daga frá þeim degi sem sérhver hluti BlackBerry lausnar þinnar var fyrst settur upp á einhverri tölvu.

(b) RIM þjónusta.

- (i) AÐ ÞVÍ LEITI UNÐANSKILDU SEM SÉRSTAKLEGA ER BANNAÐ SAMKVÆMT LÖGUM ER SÉRHYVER RIM ÞJÓNUSTA VEITT EÐA GERÐ AÐGENGILEG Í ÞVÍ ÁSTANDI SEM HÚN ER HVERJU SINNI OG AÐ ÞVÍ MARKI SEM HÚN ER TILTÆK, ÁN ÁSTANDS, FRAMSALS, TRYGGINGA, FULLVISSU, FYRIRSVARS EÐA ÁBYRGÐAR AF NOKKRU TAGI FRÁ RIM OG, Í SAMRÆMI VIÐ KAFLA 23(b), BER RIM ENGA BÓTAÁBYRGÐ AF NEINU TAGI GAGNVART ÞÉR EÐA NOKKRUM ÞRIÐJA AÐILA SEM GERIR KRÖFU FYRIR EÐA Í GEGNUM ÞIG, VEGNA NOKKURS SEM TENGIST NOKKURRI RIM ÞJÓNUSTU SEM EKKI ER RIM ÞJÓNUSTA GEGN GJALDI.
- (ii) AÐ ÞVÍ LEITI UNÐANSKILDU SEM SÉRSTAKLEGA ER BANNAÐ SAMKVÆMT LÖGUM VEITIR RIM ENGA AÐRA SAMBÆRILEGA TRYGGINGU Á ÞVÍ AÐ ÓROFIN NOTKUN EÐA STARFSEMI NOKKURRAR RIM ÞJÓNUSTU, STÖÐUGT AÐGENGI AÐ NEINNI RIM ÞJÓNUSTU EÐA AÐ NOKKUR SKILABOÐ, EFNI EÐA UPPLÝSINGAR SEM ÞÚ SENDIR ER FÆRÐ SEND EÐA ERU GEYMD AF EÐA FYRIR ÞÍNA HÖND TAPIST EKKI, EYÐIST EÐA SKEMMIST, EÐA SÉU RÉTT, FLUTT Á ÓBRENGLAÐAN HÁTT EÐA INNAN VIÐUNANDI TÍMARAMMA.

(c) Vörur þriðja aðila og þjónusta þriðja aðila, Tengdir vefir.

- (i) AÐ ÞVÍ LEITI UNÐANSKILDU SEM SÉRSTAKLEGA ER BANNAÐ MEÐ LÖGUM, LÚTA ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA OG VÖRUR ÞRIÐJA AÐILA EKKI STJÓRN RIM, RIM MÆLIR EKKI MEÐ NEINUM EINSTÖKUM VÖRUM ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA OG RIM BER ENGA ÁBYRGÐ Á VALI

ÞÍNU, NOTKUN, AÐGANGI EÐA INNLEIÐINGU Á ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA EÐA VÖRUM ÞRIÐJA AÐILA.

- (ii) FRAMANGREINT GILDIR BURT SÉÐ FRÁ ÞVÍ: (A) HVERNIG ÞÚ FÆRÐ EÐA ÞÉR ÁSKOTNAST AÐGANGUR AÐ VÖRUM ÞRIÐJA AÐILA OG/EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA, Þ.E. HVORT ÞAÐ ER ÓHÁÐ, EÐA Í GEGNUM RIM EÐA AIRTIME ÞJÓNUSTUVEITANDA ÞINN; (B) HVORT HELDUR SLÍKRAR VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA (Þ.M.T. AIRTIME ÞJÓNUSTU) ER KRAFIST TIL NOTKUNAR ALLRAR EÐA HLUTA BLACKBERRY LAUSNARINNAR; EÐA (C) HVORT HELDUR ÞÚ FÆRÐ EÐA ÞÉR ÁSKOTNAST AÐGANGUR AÐ SLÍKRI VÖRU ÞRIÐJA AÐILA OG ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA UM LÓFATÖLVU, Þ.M.T. UM VAFRA EÐA HUGBÚNAÐ RIME VERSLUNAR SEM KANN AÐ FYLGJA MEÐ SEM HLUTI HUGBÚNAÐAR FYRIR BLACKBERRY LÓFATÖLVU, MEÐ NIÐURHALI Á EFTIRMARKAÐI Á HUGBÚNAÐI FYRIR BLACKBERRY LÓFATÖLVU SEM GERIR ÞÉR KLEIFT AÐ FÁ AÐGANG AÐ TILGREINDRI ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA OG/EÐA VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA MEÐ TENGLUM Á TILGREINDAN HUGBÚNAÐ ÞRIÐJA AÐILA EÐA VEFSÍÐUR ÞRIÐJA AÐILA OG/EÐA AÐRA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA SEM ER AÐGENGILEG ÞÉR UM TÁKNMYNDIR EÐA BÓKAMERKI Á LÓFATÖLVUNNI, EÐA MEÐ ÖÐRUM HÆTTI, Þ.M.T. Á ÖÐRUM VEFSÍÐUM EÐA MEÐ UPPLÝSINGUM SEM FÁST VIÐ NOTKUN LÓFATÖLVUNNAR EÐA ERU VEITTAR ÞÉR AF RIM EÐA AIRTIME ÞJÓNUSTUVEITANDA.
- (iii) ÁN ÞESS AÐ TAKMARKA OFANGREINT, NEMA AÐ ÞVÍ LEITI SEM ÞAÐ ER SÉRSTAKLEGA BANNAÐ MEÐ LÖGUM, ERU ALLAR VÖRUR ÞRIÐJA AÐILA OG ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA SEM VEITT EÐA GERÐ AÐGENGILEG AF RIM EÐA NOTUÐ AF ÞÉR Á ANNAN HÁTT Í TENGLUM VIÐ BLACKBERRY LAUSNINA AFHENT Í ÞVÍ ÁSTANDI SEM HÚN ER OG EFTIR ÞVÍ SEM HÚN ER FÁANLEG, ÁN NOKKURRA SKILYRÐA, MEÐMÆLA, TRYGGINGAR, FULLVISSU, FYRIRSVARS EÐA ÁBYRGÐAR AF NOKKRU TAGI OG RIM BER ENGA BÓTAÁBYRGÐ GAGNVART ÞÉR EÐA ÞRIÐJA AÐILA SEM LEGGUR FRAM KRÖFUR FYRIR EÐA Í GEGNUM ÞIG VEGNA NOKKURS SEM VIÐKEMUR VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA, Þ.M.T.: (A) NÁKVÆMNI, SENDINGU, TÍMASETNINGU EÐA STÖÐUGU AÐGENGI AÐ SLÍKRI VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA EÐA NOKKRUM HLUTA HUGBÚNAÐARINS SEM ER HANNAÐUR EINGÖNGU TIL AÐ VEITA SLÍKAN AÐGANG; (B) AFKÖSTUM EÐA AFKASTALEYSI VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA; EÐA (C) SAMHÆFINGU VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA VIÐ ALLA EÐA HLUTA BLACKBERRY LAUSNAR ÞINNAR; EÐA (D) ATHAFNIR EÐA ATHAFNALEYSI SÉRHVERS ÞRIÐJA AÐILA Í TENGLUM VIÐ VÖRUR ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA, Þ.M.T. HVAÐ VARÐAR NOTKUN ÞRIÐJA AÐILA Á GÖGNUM ÞÍNUM.
- (iv) ÁN ÞESS AÐ TAKMARKA OFANGREINT, NEMA AÐ ÞVÍ LEITI SEM SÉRSTAKLEGA ER BANNAÐ MEÐ VIÐEIGANDI LÖGUM, SAMÞYKKIR ÞÚ SÉRSTAKLEGA AÐ RIM BER EKKI ÁBYRGÐ EÐA BÓTAÁBYRGÐ Á NEINUM VERIUM EÐA ANNARRI HÆTTULEGRI ÆRUMEIÐANDI, ÓSIÐLEGRI, TJÓNVALDANDI, MEIÐANDI EÐA ÓLÖGLEGRI ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA, VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA Á NOKKURRI VÖRU ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA EÐA SENDINGU Á SLÍKU, SEM BRJÓTA GEGN NEINUM HUGVERKARÉTTI ÞRIÐJA AÐILA. ÚRRÆÐI ÞÍN, EF SLÍK KRAFA

KEMUR FRAM HVÆÐ VARÐAR VÖRUR ÞRIÐJA AÐILA EÐA ÞJÓNUSTU
ÞRIÐJA AÐILA SNÝR EINGÖNGU AÐ VIÐEIGANDI ÞRIÐJA AÐILA.

- (d) Ómissandi búnaður. BLACKBERRY LAUSNINA ÞÍNA EÐA HLUTA HENNA SKAL EKKI NOTA SEM HLUTA AF ÓMISSANDI BÚNAÐI EÐA Í HÆTTULEGU UMHVERFI EÐA Í UMHVERFI SEM KREFST STJÓRNUNAR EÐA AFKASTA SEM EKKI GETA BRUGÐIST, Þ.M.T. VIÐ STJÓRNUN KJARNORKUVERA, VIÐ STJÓRNUN EÐA SAMSKIPTI Í FLUGVÉLUM, FLUGUMFERÐARSTJÓRN, ÖNDUNARVÉLAR, VOPNAKERFI EÐA NEYÐARSTAÐSETNINGARBÚNAÐ EÐA AÐRA NEYÐARÞJÓNUSTU. ÞÚ STAÐFESTIR OG ÁBYRGIST AÐ ÞÚ MUNIR STARFRÆKJA VIÐUNDANDI GAGNABJÖRGUNAR- OG AFRITUNARBÚNAÐ OG EF TIL KEMUR: (i) ROF Á NOTKUN EÐA ÞJÓNUSTU; EÐA (ii) VANDRÆÐI EÐA VILLUR VIÐ GAGNAFLUTNING; EÐA (iii) TAP EÐA SKEMMDIR Á GÖGNUM; SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ SAMSTUNDIS: DRAGA ÚR ÖLLU TAPI OG SKAÐA OG TILKYNNNA SLÍK VANDAMÁL TIL RIM. ÁN ÞESS AÐ TAKMARKA ALMENNA FYRIRVARA Á BÓTASKYLDU Í KAFLA 23(a), ER RIM ALDREI ÁBYRGT FYRIR NEINU TJÓNI SEM HLÝST AF NOTKUN ÞINNI Á BLACKBERRY LAUSN ÞINNI, EÐA HLUTA HENNA, SEM HLUTA AF ÓMISSANDI BÚNAÐI EÐA Í HÆTTULEGU UMHVERFI EÐA Í UMHVERFI SEM KREFST STJÓRNUNAR EÐA AFKASTA SEM EKKI GETA BRUGÐIST, HVORT SEM SLÍKT TJÓN VAR FYRIRSJÁANLEGT EÐA ÓFYRIRSJÁANLEGT OG JAFNVEL ÞÓ RIM HAFI VERIÐ TILKYNNNT UM MÖGULEIKA Á SLÍKU TJÓNI.
- (e) Beta-vörur. EKKI ER VÍST AÐ BETA-VÖRUR SÉU HEIMILAR TIL NOTKUNAR AF ALMENNINGI EÐA VOTTAÐAR TIL AÐ UPPFYLLA REGLUR EÐA STAÐLA SEM RÍKISSTJÓRN EÐA ANNAÐ STJÓRNVALD Í VARNARÞINGI ÞÍNU SETUR OG RIM BER ENGA ÁBYRGÐ Á AÐ SLÍK HEIMILD EÐA VOTTUN VERÐI VEITT. Í SAMRÆMI VIÐ ÞAÐ SAMÞYKKIR ÞÚ AÐ BETA-VÖRUR ERU EKKI OG MÁ EKKI BJÓÐA TIL SÖLU EÐA LEIGU, EÐA VERA SELÐAR EÐA LEIGÐAR, ÞAR TIL SLÍK HEIMILD HEFUR FENGIST. BETA-VÖRUR ERU EKKI ÆTLAÐAR TIL NOTKUNAR VIÐ NEINA STARFSEMI EÐA VIÐ AÐRAR AÐSTÆÐUR ÞAR SEM TREYST ER Á VIRKNI BETA-VÖRUNNAR. BETA-VÖRUR ERU HUGBÚNAÐUR, ÞJÓNUSTA OG VÖRUR FRÁ RIM, SEM DREIFT ER ÁÐUR EN ÞÆR FARA Í ALMENNA SÖLU OG ER EKKI ÆTLAÐ AÐ ENDURSPUGLA EÐA STARFA Á SAMA HÁTT OG VÖRUR EÐA ÞJÓNUSTA Í ALMENNRI SÖLU OG ÞÚ ÆTTIR AÐ TRYGGJA AÐ ÞÚ AFRITIR REGLULEGA ÖLL GÖGN SEM NOTUÐ ERU MEÐ SLÍKUM BÚNAÐI. AÐ AUKI INNIHALDA BETA-VÖRUR EIGINLEIKA, VIRKNI EÐA FORRITASKIL FYRIR HUGBÚNAÐ EÐA ÞJÓNUSTU SEM EKKI ER ENN FÁANLEG Á MARKAÐI. ÞÚ VIÐURKENNIR AÐ EKKI ER VÍST AÐ RIM KYNNI EÐA SETJI Á MARKAÐ SLÍKAR BETA-VÖRUR Í FRAMTÍÐINI, EÐA AÐ ÞÆR VERÐI FÁANLEGAR MEÐ UMTALSVERÐUM BREYTINGUM OG RIM HEFUR ENGAR BEINAR EÐA ÓBEINAR SKYLDUR GAGNVART ÞÉR HVÆÐ VARÐAR KYNNINGU EÐA MARKAÐSSETNINGU Á SLÍKUM HUGBÚNAÐI EÐA ÞJÓNUSTU, BETA-VÖRUM EÐA HLUTA ÞEIRRA. ÞÚ VIÐURKENNIR OG SAMÞYKKIR AÐ ÖLL PRÓFUN, MAT OG ÞRÓUN SEM ÞÚ GERIR Í TENGLUM VIÐ BETA-VÖRUR OG TENGDAN HUGBÚNAÐ OG ÞJÓNUSTU ER ALFARIÐ Á ÞÍNA ÁBYRGÐ.

23. Takmörkun bótaábyrgðar.

SUM LÖND HEIMILA EKKI TAKMÖRKUN EÐA UNDAÐÁGU FRÁ AFLEIDDU, ÓBEINU EÐA ÖÐRU TJÓNI Í SAMNINGUM VIÐ NEYTENDUR OG AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞÚ ERT NEYTANDI KUNNA TAKMARKANIR EÐA UNDAÐÁGUR Í ÞESSUM KAFLA EKKI AÐ EIGA VIÐ ÞIG.

- (a) SVO FRAMARLEGA SEM HEIMILT ER SAMKVÆMT VIÐEIGANDI LÖGUM OG SAMKVÆMT ÞEIM ÚRRÆÐUM SEM TILGREIND ERU Í ÞESSUM SAMNINGI BER RIM ALDREI BÓTAÁBYRGÐ Á NEINU AF EFTIRTÖLDU TJÓNI: AFLEITT, FÆLANDI, TILFALLANDI, ÓBEINT, SÉRSTAKT, REFSIVERT, SIÐFERÐILEGT EÐA GRÓFT TJÓN, TJÓN VEGNA TAPS Á HAGNAÐI EÐA TEKJUM, TAP Á VÆNTUM SPARNAÐI, REKSTRARTRUFLUN, TAP Á VIÐSKIPTAUPPLÝSINGUM, TAP Á VIÐSKIPTATÆKIFÆRUM, EÐA SKEMMDIR EÐA TAP Á GÖGNUM EÐA ROF Á GAGNAÖRYGGI, ROF Á SENDINGU EÐA MÓTTÖKU GAGNA, VANDAMÁL TENGÐ FORRITUM SEM NOTUÐ ERU Í TENGLUM VIÐ BLACKBERRY LAUSN ÞÍNA EÐA SEM STAFAR AF BREYTINGUM EÐA TILRAUNUM TIL BREYTINGA Á BLACKBERRY LAUSNINNI EÐA HLUTA HENNA AF ÖÐRUM EN RIM, KOSTNAÐUR VEGNA NIÐRITÍMA, TAP Á GETU TIL NOTKUNAR BLACKBERRY LAUSNAR ÞINNAR EÐA HLUTA HENNA EÐA ÞJÓNUSTU ÞRÍÐJA AÐILA EÐA VÖRU ÞRÍÐJA AÐILA, KOSTNAÐUR VIÐ STAÐGÖNGUVÖRUR, KOSTNAÐUR VIÐ TRYGGINGAR, AÐSTÖÐU EÐA ÞJÓNUSTU, FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR EÐA ANNAÐ SAMBÆRILEGT FJÁRHAGSLEGT TJÓN SEM STAFAR AF EÐA TENGIST SAMNINGI ÞESSUM EÐA BLACKBERRY LAUSN ÞINNI, Þ.M.T. NOTKUN EÐA TAP Á GETU TIL AÐ NOTA, AFKÖST EÐA AFKASTALEYSI BLACKBERRY LAUSNAR ÞINNAR, HVORT SEM SLÍKT TJÓN VAR FYRIRSJÁANLEGT EÐA ÓFYRIRSJÁANLEGT OG JAFNVEL ÞÓTT RIM HAFI VERIÐ VARAÐ VIÐ MÖGULEIKA Á SLÍKU TJÓNI.
- (b) Að svo miklu leiti sem heimilt er samkvæmt lögum skal samanlögð bótaábyrgð RIM aldrei vera umfram: (i) þá upphæð sem þú greiddir fyrir RIM vöruna þegar hún var afhent; (ii) þá upphæð sem greidd var fyrir þann hluta hugbúnaðarins sem um ræðir; (iii) þá upphæð sem greidd var fyrir viðkomandi tímabil þeirrar gjaldskyldu RIM þjónustu sem um ræðir; og (iv) fimm (5) Bandaríkjadali.
- (c) Að því leiti sem heimilt er samkvæmt lögum, að því leiti sem RIM ber bótaábyrgð gagnvart þér samkvæmt samningi þessum, ber RIM aðeins ábyrgð á tjóni sem verður á meðan bilun, seinkun eða niðurfall þjónustu verður í BlackBerry lausn þinni.
- (d) Ekkert í þessum kafla takmarkar bótaábyrgð RIM gagnvart þér ef um er að ræða dauða eða líkamstjón sem er bein afleiðing vanrækslu RIM; svo framarlega að allar skaðabætur sem RIM ber að greiða lækki sem nemur eigin framlagi þínu eða annarra.
- (e) AÐ ÞVÍ LEITI SEM HEIMILT ER SAMKVÆMT LÖGUM SKAL HVOR AÐILI AÐEINS BERA ÁBYRGÐ GAGNVART HINUM EINS OG TILGREINT ER SÉRSTAKLEGA Í SAMNINGI ÞESSUM OG HEFUR ENGAR AÐRAR SKYLDUR HVORT HELDUR SAMKVÆMT SAMNINGI, SKAÐABÓTARÉTTI, LÖGUM EÐA ÖÐRU.
- (f) AÐ ÞVÍ LEITI SEM HEIMILT ER SAMKVÆMT LÖGUM SKULU TAKMARKANIR, UN DANTEKNINGAR OG FYRIRVARAR Í ÞESSUM SAMNINGI: (i) GILDA ÓHÁÐ EÐLI ÁSTÆÐNA VERKNAÐAR, KRÖFU EÐA AÐGERÐA AF ÞINNI HÁLFU, Þ.M.T. EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, VANRÆKSLU, SKAÐABÓTARÉTT, STRANGA BÓTAÁBYRGÐ, LÖGGJÖF, SAMNINGSBROT EÐA AÐRA LAGAKENNINGU; (ii) ÞOLA GRUNÐVALLARBROT EÐA FORSENDUBREST ÞESSA SAMNINGS EÐA EINHVERRA ÚRRÆÐA Í HONUM; (iii) EKKI EIGA VIÐ SKAÐLEYSISSKYLDUR SEM TILGREINDAR ERU Í SAMNINGNUM EÐA ÓRÉTTMÆTA NÝTINGU EÐA BROTT ANNARS AÐILANS Á HUGVERKARÉTTI HINS AÐILANS EÐA BROTT Á KÖFLUM ÞESSA SAMNINGS SEM NEFNAST: "REGLUR UM NOTKUN BLACKBERRY LAUSNAR" (KAFLI 3),

"HUGBÚNAÐAR- OG SKJALALEYFI" (KAFLI 2), "HUGVERKARÉTTUR" (KAFLI 11), "TAKMÖRKUN Á ÚTFLUTNINGI, INNFLUTNINGI OG NOTKUN OG LEYFI TIL BANDARÍSKRA STJÓRNVALDA" (KAFLI 12), "TRÚNAÐUR OG BANN VIÐ VENDISMÍÐI" (KAFLI 15) OG "NOTENDAGÖGN" (KAFLI 25), OG (iv) EIGA SAMANLAGT VIÐ RIMEÐA RIM FYRIRTÆKJASAMSTEYPUNA, ARFTAKA ÞEIRRA, FRAMSALSHAFA OG VIÐURKENNDA DREIFINGARAÐILA RIM (Þ.M.T. AIRTIME ÞJÓNUSTUVEITENDUR SEM KOMA FRAM SEM VIÐURKENNDIR DREIFINGARAÐILAR RIM Á HUGBÚNAÐINUM).

- (g) ALDREI SKAL NOKKUR YFIRMAÐUR, STJÓRNANDI, STARFSMAÐUR, FULLTRÚI, DREIFINGARAÐILI, BIRGIR (ANNAR EN SÖLUAÐILI VÖRU), ÞJÓNUSTUVEITANDI, SJÁLFSTÆÐUR VERKTAKI, EÐA NOKKUR AIRTIME ÞJÓNUSTUVEITANDI (NEMA EINS OG TILGREINT ER HÉR AÐ OFAN) HJÁ NOKKRU FYRIRTÆKI RIM FYRIRTÆKJASAMSTEYPUNAR BERA NOKKRA ÁBYRGÐ SEM VERÐUR TIL VEGNA EÐA Í TENGLUM VIÐ SAMNING ÞENNAN.
- (h) ÞÚ STAÐFESTIR OG SAMÞYKKIR AÐ ÞEIR FYRIRVARAR, UN DANTEKNINGAR OG TAKMARKANIR SEM SETTAR ERU FRAM Í SAMNINGI ÞESSUM ERU NAUÐSYNLEGUR HLUTI ÞESSA SAMNINGS MILLI AÐILA OG AÐ EF SLÍKA FYRIRVARA, UN DANTEKNINGAR OG TAKMARKANIR VANTAR: (i) VÆRU GJÖLD OG AÐRIR SKILMÁLAR ÞESSA SAMNINGS VERULEGA BREYTTIR; OG (ii) MÖGULEIKAR RIM AÐ BJÓÐA OG MÖGULEIKAR ÞÍNIR Á AÐ FÁ LEYFI FYRIR HUGBÚNAÐI OG ÞJÓNUSTU RIM SAMKVÆMT SAMNINGI ÞESSUM OG/EÐA MÖGULEIKAR RIM Á AÐ AÐ GERA VÖRUR ÞRIÐJA AÐILA OG ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA AÐGENGILEGAR Í GEGNUM BLACKBERRY LAUSN ÞÍNA TAKMARKAÐIR.

ENGU Í ÞESSUM SAMNINGI ER ÆTLAÐ AÐ KOMA Í STAÐ SÉRSTAKS SKRIFLEGS SAMNINGS EÐA ÁBYRGÐAR SEM RIM VEITIR FYRIR HLUTA ÞINNAR BLACKBERRY LAUSNAR NEMA HUGBÚNAÐAR OG RIM ÞJÓNUSTU.

24. Samþykki vegna söfnunar, notkunar, vinnslu, framsals, geymslu og birtingu (saman kallað "vinnsla") á upplýsingum.

Farið verður með persónulegar upplýsingar sem unnar eru af RIM fyrirtækjasamsteypunni og þjónustuveitendum hennar í samræmi við stefnu RIM um friðhelgi einkalífs (sem er hér með vísað í úr samningi þessum og má skoða á www.blackberry.com/legal eða fá með því að senda tölvupóst á legalinfo@rim.com). Þar sem við á er umsjónaraðili gagnanna, hvað viðkemur persónulegum gögnum þínum, sú eining RIM sem þú hefur gerð þennan samning við; svo framarlega sem, hvað viðkemur persónulegum gögnum þínum sem safnað er í tengslum við dreifingu vöru um RIME verslun, umsjónaraðili gagnanna sé viðkomandi eining RIME sem þú hefur gert samning við varðandi slíka dreifingu.

- (a) Persónulegar upplýsingar. Uppsetning þín og/eða notkun á BlackBerry lausn þinni (eða hluta hennar), RIM þjónustu eða tengdri Airtime þjónustu getur leitt af sér vinnslu persónulegra upplýsinga eins og þær eru skilgreindar í viðkomandi lögum, um þig og viðurkennda notendur þína ("Notendur") hjá RIM fyrirtækjasamsteypunni og þjónustuveitendum hennar, Airtime þjónustuveitanda þínum og þriðju aðilum með vörur og þjónustu sem notaðar eru með BlackBerry lausn þinni. Eftir því hvaða þjónusta er notuð kunna persónulegar upplýsingar að innihalda t.d. nafn, netfang, símanúmer, BlackBerry ID, reikningsupplýsingar og stillingar, upplýsingar um lófátölvu (t.d. PIN númer lófátölvu eða önnur auðkenni bündar), upplýsingar um staðsetningu lófátölvu (sjá fyrir neðan), upplýsingar um Airtime þjónustuveitanda og upplýsingar um notkun eiginleika BlackBerry lausnar þinnar og RIM þjónustu eða hugbúnaðar og vélbúnaðar sem notaður er með BlackBerry lausn þinni. Þú samþykkir að RIM

fyrirtækjasamsteypan megi safna slíkum persónulegum upplýsingum beint frá þér, eða fá þær frá Airtime þjónustuveitanda þínum eða þriðju aðilum með vörur eða þjónustu sem notaðar eru með BlackBerry lausn þinni.

- (b) Tilgangur. Í samræmi við stefnu RIM um friðhelgi einkalífs kann RIM fyrirtækjasamsteypan og þjónustuveitendur hennar að vinna persónulegar upplýsingar í tilgangi sem tengist því að (i) skilja og uppfylla þarfir þínar og óskir og að veita þér BlackBerry lausn þína; (ii) þróa nýjar og bæta núverandi vörur og þjónustu, þ.m.t. að miðla upplýsingum um þær til þín; (iii) stjórna og þróa starfsemi RIM fyrirtækjasamsteypannar; og (iv) uppfylla ákvæði laga og reglugerða. Ennfremur kann RIM að gera aðgengilegar, eða senda notendum uppfærslur eða tilkynningar um uppfærslur á hugbúnaðinum eða aðra vöru og þjónustu RIM, hugbúnað þriðja aðila, Efni þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila og tengdar vörur og þjónustu.
- (c) Þjónusta í "skýinu". Ef þú skráir þig hjá eða notar skilaboð eða þjónustu í "skýinu" eða notar fjaradgang, geymslu eða afritun sem boðið er upp á hjá RIM fyrirtækjasamsteypanni eða þjónustuveitendum hennar, kunna upplýsingar sem þú skráir, veitir eða samþættir slíkri þjónustu (t.d. kenninöfn og myndir, stöðuuppfærslur, listi yfir tengiliði eða upplýsingar um hópa, dagatöl eða aðrar upplýsingar í búnaðinum á borð við verkefni og hljóð- og myndefni) að vera unnar af RIM fyrirtækjasamsteypanni til að auðvelda framboð þjónustu sem boðin er í samræmi við samning/samninga þína við RIM og þú staðfestir og tryggir að þú hafir tilskilin leyfi til að afhenda RIM slík gögn. Ef BlackBerry AppWorld og My World þjónustan, eða önnur sambærileg þjónusta er notuð, kann RIM fyrirtækjasamsteypan að vinna upplýsingar um hvaða hugbúnaður, RIM þjónusta, vörur þriðja aðila og/eða þjónusta þriðja aðila er sótt og notuð á lófatölvu þinni.
- (d) Samfélagsvirkni. Tiltekin RIM þjónusta eða eiginleikar hugbúnaðar kunna að innihalda "samfélagsvirkni" sem gerir þér kleift að leyfa öðrum að nálgast þig og þér að tengjast öðrum einstaklingum og bæta þannig eða auðga reynslu þína af RIM þjónustu eða hugbúnaði eða hugbúnaði þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila sem samþættast þeirri samfélagsvirkni sem RIM býður upp á. Notir þú slíka virkni samþykkir þú að möguleiki á samskiptum eða tengslum þínum við aðra sé sýnilegur öðrum og að prófíll þinn, kenninöfn, kennimyndir, stöðuuppfærslur, aðildarupplýsingar og önnur auðkenni eða upplýsingar séu sýnilegar slíkum einstaklingum og að þeir geti skráð athugasemdir við þær. Ef þú notar til dæmis RIM þjónustu eða þjónustu þriðja aðila sem er samþætt við "BlackBerry Messenger Social Platform" RIM, samþykkir þú að: (i) BlackBerry Messenger tengiliðir þínir geti séð hvort þú hafir eða sért að nota slíka RIM þjónustu eða þjónustu þriðja aðila, (ii) BlackBerry Messenger tengiliðir þínir geta séð prófíl þinn og þann hugbúnað og efni (s.s. leiki, tónlist eða annað efni, eftir því hvaða RIM þjónusta eða hugbúnaður þriðja aðila er notaður) sem þú hefur sótt, ert að nota eða er hægt að deila sem hluta af notkun þinni á RIM þjónustunni eða þjónustu þriðja aðila, sem og athugasemdir sem þú eða aðrir skrá við slíkt, (iii) að þegar þú sendir athugasemdir um tengiliði þína eða hugbúnaðinn eða efnið sem þeir hafa sótt eða eru að nota sem hluta af notkun þeirra á RIM þjónustunni eða þjónustu þriðja aðila, kunni upplýsingar um þig (s.s. athugasemdir þínar, kenninafn þitt og kennimynd) að birtast öðrum tengiliðum þess einstaklings og (iv) að RIM þjónustan eða þjónusta þriðja aðila kunni að beita sjálfvirkum greiningarbúnaði til að þróa tillögur byggðar á óskum þínum og notkun á RIM þjónustunni eða hugbúnaðinum. Vinsamlegast skoðuðu viðeigandi stillingarmöguleika fyrir viðeigandi RIM þjónustu eða hugbúnað fyrir möguleika á að breyta friðhelgisstillingum slíkrar RIM þjónustu eða hugbúnaðar.
- (e) Samþætting við þjónustu þriðja aðila. Velgir þú að samþætta eða tengja BlackBerry lausn þína við þjónustu þriðja aðila (t.d. pósthjóna þriðja aðila, eða þjónustu sem auðveldar notkun lófatölvu þinnar til aðgangs og notkunar á samfélagsmiðlum eða annari þjónustu á vegum þriðja aðila), heimilar þú RIM að nota aðgangsheimildir þínar til að tengjast þjónustu þriðja aðila fyrir þína hönd og vinna persónulegar upplýsingar þínar sem tengjast slíkri þjónustu þriðja aðila til að auðvelda aðgang þinn að

slíkri þjónustu þriðja aðila til persónulegra og/eða heimilisnota þinna. Þær upplýsingar sem unnar eru kunna að innihalda: (i) Notandaauðkenni þitt, aðgangsorð, auðkenningartóka eða skilríki fyrir hverja slíka pósthjónustu þriðja aðila eða aðra reikninga sem þú samþættir BlackBerry lausn þinni; (ii) upplýsingar um hugbúnaðarreikning þinn (t.d. BlackBerry ID, kennimynd þína, kenninafn, persónuleg skilaboð, aðgengileika, land, tímabelti, auðkenni búnaðar o.s.frv.); (iii) upplýsingar um tengiliði í búnaði, (iv) tilgreiningu á hvaða forrit eða þjónustu þriðja aðila þú hefur tengt við hugbúnaðarreikning þinn; og (iiv) gögn um lotu vegna notkunar þinnar á forritum eða þjónustu þriðja aðila sem þú hefur tengt við hugbúnaðarreikning þinn (t.d. stig sem þú hefur náð í leik eða forriti frá þriðja aðila sem birta má í upplýsingareit um hugbúnaðarreikning þinn, gögn úr skilaboðum sem verða til við spjall sem þú hefur tekið þátt í á meðan þú hefur tengst forriti eða þjónustu þriðja aðila og skilaboðakerfi hugbúnaðarins hefur haft milligöngu um o.s.frv.). Þú heimilar RIM einnig að veita viðkomandi veitendum þjónustu þriðja aðila slíkar upplýsingar til að virkjunar, reikningagerðar, veitingar, viðhalds og óvirkjunar. Notir þú þjónustu þriðja aðila og hugbúnað þriðja aðila á eða í tengslum við BlackBerry lófátölvu þína kunna þriðju aðilar einnig að geta lesið, fengið aðgang að og á annan hátt unnið gögn (þ.m.t. persónuleg gögn) sem vistuð eru á BlackBerry lófátölvunni þinni. Slík þjónusta þriðja aðila sem notuð er, fellur ekki undir stjórn RIM. Ef persónulegar upplýsingar þínar eru veittar Airtime þjónustuveitanda þínum eða þriðju aðilum með vörur eða þjónustu sem notuð er með BlackBerry lausn þinni fellur notkun þín undir viðeigandi samninga og stefnu um friðhelgi einkalífs hjá viðkomandi þriðju aðilum og þú ættir að kynna þér skilmála þeirra áður en þú nýtir þér þjónustu þriðja aðila og hugbúnað þriðja aðila. Þú ættir að kynna þér valmöguleika og hjálp í lófátölvu þinni til að fræðast um, og þar sem við á, stilla heimildir sem veittar eru og þá stjórn sem í boði er vegna slíkrar þjónustu þriðja aðila og hugbúnaðar þriðja aðila.

- (f) Kökur (cookies) og sambærileg tækni. RIM fyrirtækjastamsteypan kann að nota "kökur" (litlir gagnabútar sem geymdir eru á tölvunni eða lófátölvunni þinni) eða sambærilega tækni sem notast við ópersónugreinanlegar upplýsingar til að auðvelda þér að skrá þig inn á ýmsa þjónustu til að verja bæði þig og RIM, gera RIM þjónustuna auðveldari í notkun eða klæðskerasauma upplifun þína, eða til greiningar til að auðvelda okkur að skilja hvernig notendur nálgast RIM þjónustu okkar og BlackBerry lausninga og bæta virkni þeirra. Vinsamlegast kannaðu stillingarnar í vafra lófátölvu þinnar varðandi hvernig hægt er að fjarlægja eða hindra kökur vafrans.
- (g) Aðstoð og gæðatrygging. Hafir þú samband við RIM vegna aðstoðar eða viðgerða á lófátölvunni, eða sendir greiningu eða aðrar tæknilegar upplýsingar til RIM um tölvupóst eða skráningarbúnað sem RIM afhendir til slíkra aðgerða, samþykkir þú að RIM fyrirtækjasamsteypan megi safna tæknilegum upplýsingum á borð við PIN-númer lófátölvunnar, auðkenni vélbúnaðar og tegundarnúmer, stöðu minnis, upplýsingar um stýrikerfi og umhverfi, stöðu rafhlöðu, Wi-Fi, styrk og tengingar með útvarpsbylgjum eða þráðlausu neti, lista yfir uppsettan hugbúnað, upplýsingar um notkun forrita, gögn varðandi vinnslu sem er í gangi og uppsetningu búnaðar, kerfisviðburði og aðrar upplýsingar sem tengjast ástandi BlackBerry vörunnar sem geta hjálpað við greiningu. Slíkar upplýsingar verða notaðar við bilanagreiningu, notendaaðstoð, hugbúnaðaruppfærslur og endurbætur á vörum og þjónustu RIM í samræmi við stefnu RIM um friðhelgi einkalífs. Ef greining bendir til þess að vara frá þriðja aðila eigi í hlut kann RIM að senda ákveðnar tæknilegar eða greiningarupplýsingar til söluaðila vörunnar sem hluta af bilanagreiningunni. Þú staðfestir og samþykkir að símtöl við RIM og þjónustuaðila fyrirtækisins kunna að vera hljóðrituð vegna þjálfunar, gæðatryggingar, notendapjónustu og til að vísa í síðar.
- (h) Upplýsingar um staðsetningu. RIM fyrirtækjasamsteypan kann að bjóða upp á ákveðna eiginleika og þjónustu sem reiða sig á upplýsingar um staðsetningu sem fást með GPS eða sambærilegri gervihnattapjónustu (þar sem hún er tiltæk) eða aðgengilegum þráðlausum aðgangspunktum og staðsetningu farsímataurna. Til dæmis kunna ákveðnir eiginleikar hugbúnaðarins eða BlackBerry lausnarinnar að heimila þér, þar sem það er í boði, að deila staðsetningu þinni með tengilið/-um, eða

staðsetja, senda skilaboð til, spila hljóð á, eða læsa eða eyða gögnum fjarvirkt af lófátölvunni þinni (fer eftir aðgangi að Airtime þjónustuveitanda, ástandi lófátölvunnar og ástandi kerfis þegar slík beiðni kann að berast). Aðrir eiginleikar eða vörur BlackBerry lausna kunna einnig að safna ópersónugreinalegum upplýsingum um ferðir og stefnu (t.d. BlackBerry Traffic) eða leitir að staðsetningu til að auðvelda notkun eða bæta RIM þjónustuna sem þú notar. Til að veita slíka eiginleika eða þjónustu kunna upplýsingar um staðsetningu lófátölvunnar (þ.m.t. GPS upplýsingar, auðkenni farsímaþjónustu, auðkenni turns, Basic Service Set Identifier ("BSSID") Wi-Fi aðgangspunkta og sendistyrkur sýnilegra Wi-Fi aðgangspunkta eða farsímaturna) að vera sendar til RIM fyrirtækjasamsteypunnar þegar þú notar lófátölvuna þína eða vikjar gagnþjónustu og eiginleika sem byggja á staðsetningu. RIM fyrirtækjasamsteypa geymir ekki slíkar upplýsingar á formi sem gerir þær persónugreinanlegar og kann að nota slíkar upplýsingar til að veita þér og bæta þjónustu byggða á staðsetningu sem veittar eru af, eða fyrir hönd RIM fyrirtækjasamsteypunnar eða þjónustu sem veitt er af þjónustu þriðja aðila sem notuð er með BlackBerry lausninni þinni. RIM fyrirtækjasamsteypa kann einnig að nota slíkar upplýsingar til að útbúa gögn sem sett hafa verið saman eða gerð ópersónugreinanleg til að miðla auglýsingum sem byggðar eru á upplýsingum og staðsetningu. Vinsamlegast kynntu þér valmöguleika og hjálp í hugbúnaði BlackBerry lófátölvu þinnar varðandi hvernig hægt er að slökkva á eða stilla staðsetningareiginleika búnaðarins eða fjarlægja hugbúnað sem kann að nota upplýsingar um staðsetningu úr lófátölvunni. Þegar þjónusta þriðja aðila er notuð, sem notar eða veitir upplýsingar um staðsetningu gengst þú undir og ættir að kynna þér skilmála og stefnu þess þriðja aðila um friðhelgi einkalífs hvað varðar notkun slíks þriðja aðila á upplýsingum um staðsetningu og þú ættir að velta því fyrir þér áður en þú samþykkir að upplýsingar um staðsetningu þína séu veittar öðrum.

- (i) Alþjóðlegt framsal. Þú staðfestir og samþykkir að til að veita BlackBerry lausnina og RIM þjónustuna (þ.m.t. fjaradgang og aðgang um "skyið", geymslu eða afritun), kann RIM fyrirtækjasamsteypa að vinna gögn, sem í sumum tilfellum innihalda persónulegar upplýsingar og innihald samkipta, á netþjónum sem starfræktir eru af, eða fyrir hönd RIM fyrirtækjasamsteypunnar innan eða utan varnarþings notenda, þ.m.t. í Kanada, Bandaríkjunum, Bretlandi, Singapore eða öðrum ríkjum þar sem starfsstöðvar eru starfræktar af, eða fyrir hönd RIM fyrirtækjasamsteypunnar. Ef notendur eru íbúar Evrópska efnahagssvæðisins eða annars varnarþings þar sem samþykkis er krafist til að framselja persónulegar upplýsingar út fyrir það varnarþing eða svæði, samþykkir þú slíka vinnslu og staðfestir að þú hafir aflað nauðsynlegra heimilda frá notendum þínum, samkvæmt lögum, til að gera slíkt.

25. Notendagögn. Til viðbótar við alla birtingu sem heimiluð er í kafla 24, heimilar og staðfestir þú og viðurkenndir notendur þínir að RIM fyrirtækjasamsteypa megi fá aðgang að, geyma og birta gögn þín og viðurkenndra notenda þinna, þ.m.t. persónulegar upplýsingar, innihald samskipta þinna eða upplýsingar um notkun þína á eiginleikum BlackBerry lausnarinnar og þjónustunnar eða hugbúnaðar og vélbúnaðar sem notaður er í tengslum við BlackBerry lausn þína sem aðgengilegar eru RIM ("Notendagögn"), þriðja aðila, þ.m.t. innlendu og erlendu stjórnvaldi, án þess að tilkynna það til þín eða viðurkenndra notenda þinna, samkvæmt þeim lögum sem gilda þar sem RIM fyrirtækjasamsteypa og þjónustuveitendur hennar, aðrir samstarfsaðilar og hlutdeildarfélag eru staðsett, til að: (i) uppfylla lög eða framfylgjanlegar beiðnir stjórnvalda, eða sem á annan hátt er krafist samkvæmt lögum; (ii) vinna með þriðja aðila til að rannsaka athæfi sem brýtur gegn samningi þessum; eða (iii) vinna með kerfisstjórum internetveita, netkerfa eða gagnavera til að framfylgja þessum samningi. Þú staðfestir að þú hafir aflað nauðsynlegs samþykkis í samræmi við lög frá viðurkenndum notendum þínum til að birta RIM fyrirtækjasamsteypunni notendagögn og til að veita RIM fyrirtækjasamsteypunni heimild til að safna, nota, vinna, senda og/eða birta slík notendagögn eins og lýst er hér að ofan.

26. Framsal og úthlutun. RIM má framselja samning þennan án þess að tilkynna þér sérstaklega um það. Þú mátt ekki framselja samning þennan að hluta eða öllu leiti án fyrirfram skriflegs samþykkis RIM (RIM getur hafnað slíku samþykki eða sett því skilyrði að eigin geðþótta) og allt framsal án fyrirfram skriflegs samþykkis RIM er ógilt

og hefur engin áhrif. RIM getur uppfyllt allar skyldur sem kveðið er á um í samningi þessum beint, eða úthlutað sumum eða öllum skyldum til verktaka sinna eða undirverktaka.

27. Tilkynningar. Nema kveðið sé á um annað í samningi þessum skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem hér falla undir teljast hafa verið afhentar þegar þær hafa verið gerðar skriflega og afhentar persónulega, með sendiboða eða settar í póst, með greiddu burðargjaldi, í ábyrgðarpósti eða á sambærilegan máta, með beiðni um kvittun fyrir móttöku og stílaðar á þig á því heimilisfangi greiðanda sem þú hefur veitt RIM og stílaðar á Research In Motion UK Limited, 200 Bath Road, Slough, Berkshire, United Kingdom SL1 3XE, Attention: Managing Director; ef um er að ræða RIME á heimilisfangið sem gefið er upp á <http://www.blackberry.com/legal/rime>; og ávallt með afriti (sem telst ekki tilkynning) til RIM's Chief Legal Officer, 295 Philip Street, Waterloo, Ontario, Canada N2L 3W8. Auk ofangreinds kann RIM, ef fyrirtækið svo kýs, að senda þér tilkynningar í samræmi við samning þennan á rafrænan hátt. Rafrænar tilkynningar til þín teljast hafa borist þegar þær hafa verið sendar á netfang sem þú hefur veitt RIM og ef þú hefur ekki veitt RIM slíkt netfang telst tilkynning hafa verið send þegar hún hefur verið birt á áberandi hátt á <http://www.blackberry.com/legal/>.

28. Force Majeure. Að undanskildum öðrum ákvæðum samnings þessa skal hvorugur aðili teljast brotlegur við samning þennan geti hann ekki uppfyllt skyldur sínar vegna aðstæðna sem teljast óviðráðanlegar af þeirra hálfu. Ekki skal litið svo á að þetta ákvæði heimili að annar aðili falli frá skyldu sinni til að greiða hinum aðilanum í samræmi við samning þennan.

29. Almennt.

- (a) Hagaðilar sem eru þriðju aðilar. Hlutdeildarfélag RIM og stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn RIM og hlutdeildarféлага þess eru ætlaðir hagaðilar sem eru þriðju aðilar hvað varðar kafla þessa samnings sem kallast, "Öryggisupplýsingar tengdar notkun tæknibúnaðar" (kafla 8(b)), "Skaðleysi/bótaskylda" (kafla 19), "Takmörkun ábyrgðar" (kafla 23) og "Fyrirvarar" (kafla 22). Efnisveitendur RIM þjónustu og hagaðilar sem eru þriðju aðilar vegna verndar og takmörkunar á notkun efnis þeirra sem skilgreind er í "Reglur um notkun BlackBerry lausna" (kafla 3) og "Hugverkaréttur" (kafla 11). Nema þar sem það er sérstaklega tilgreint í þessum kafla eru ákvæði hér til hagsbóta fyrir aðila og ekki fyrir aðra einstaklinga eða fyrirtæki.
- (b) Undanþágur vegna vanefnda. Enginn aðili er talinn hafa hafnað eða fyrirgert neinum rétti samkvæmt samningi þessum, hvort sem er vegna vanrækslu, seinkunar eða annarrar lagalegrar eða sambærilegrar ástæðu, nema slík undanþága sé gefin skriflega og undirrituð af réttum undirritanda aðilans sem reynt er að framfylgja undanþágunni gagnvart. Undanþágur frá einhverjum ákvæðum, eða brot á einhverjum ákvæðum samnings þessa í einu tilfelli veita ekki undanþágu í öðru tilfelli.
- (c) Þol. Skilmálar þeir og ábyrgðir sem fram koma í samningi þessum sem samkvæmt meiningu þeirra og samhengi er ætlað að þola framkvæmd skulu einnig þola lok framkvæmdar, afturköllun eða riftun samnings þessa, þ.m.t. skaðleysikaflar hans.
- (d) Gildandi lög og lausn ágreinings. Þessi samningur fellur undir og er saminn í samræmi við lög Englands og Wales, að undanskildum lögum sem eiga við lagaágreining. Aðilar samþykkja að Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja í heild eigi ekki við þennan samning. Allur ágreiningur eða ósamkomulag sem rís vegna eða í tengslum við samning þennan eða brot á honum, sem aðilar geta ekki leyst eftir viðræður í góðri trú, skal fyrst leggja fyrir æðstu stjórnendur aðila. Aðilar, í gegnum fulltrúa á æðsta stjórnstigi, sem, ef þú ert einstaklingur, ert þú, skulu hittast innan þrjátíu (30) daga frá því ágreiningnum er vísað til þeirra og ef aðilar eru ekki færir um að leysa slíkan ágreining eða ósætti innan þrjátíu (30) daga frá fundi, nema ef sérstaklega er bannað með lögum í varnarþingi þínu, skal leysa slíkan ágreining með endanlegum og bindandi gerðardómi sem fara skal fram í London, Englandi í samræmi við Rules of Arbitration of the

International Chamber of Commerce ("ICC reglur") og skal aðeins einn gerðardómari, sem tilnefndur er í samræmi við ofangreindar ICC reglur og samþykktur er sameiginlega af aðilum, hlýða á málið innan þrjátíu (30) daga frá því gerðardómari er skipaður, og takist það ekki skal gerðardómari skipaður af forseta British Computer Society (eða af einstaklingi sem er réttmætur fulltrúi forsetans og getur komið fram fyrir hans hönd) að beiðni annars hvorts aðila innan þess tíma sem settur er, samkvæmt þeim reglum sem taldar eru gilda með tilvísun í þessa grein. Ef framangreind ákvæði eru bönnuð með lögum í þínu varnarþingi skal gerðardómur: (i) haldin í þínu varnarþingi; (ii) náð með gerðardómi í samræmi við Lög um sammingsbundna gerðardóma nr. 53/1989 ("Gerðardómslögin"); og (iii) einn gerðardómari, sem tilnefndur er í samræmi við Gerðardómslögin og samþykktur er af báðum aðilum, skal hlýða á málið innan þrjátíu (30) daga, ellegar skal Héraðsdómur Reykjavíkur skipa gerðardómara. Hvor aðili skal bera helming þess kostnaðar sem fellur til við gerðardóm. Engan ágreining milli aðila eða sem nær til annars einstaklings en þín má sameina eða reka saman án fyrirfram skriflegs samþykkis RIM. Úrskurð varðandi bætur sem gerðardómur ákveður leggja fram fyrir þeim dómstóli sem lögsögu hefur í málinu. Þrátt fyrir ofangreint hefur RIM rétt á að höfða dómsmál eða hefja sambærilegan málarekstur, þ.m.t. mál til að krefjast lögbanns, fyrir rétti vegna krafna eða ágreinings sem varða: (i) upphæðir sem þú skuldar RIM í tengslum við að þú eignaðist BlackBerry lausn þína eða hluta hennar, ef við á; og (ii) brot þitt, eða hótun um brot á köflum þessa sammings sem kallast "Reglur um notkun Blackberry lausnar þinnar" (kafla 3), "Hugbúnaðar- og skjalaleyfi" (kafla 2), "Hugverkaréttur" (kafla 12), "Takmörkun á útflutningi, innflutningu og notkun og leyfi til bandarískra stjórnvalda" (kafla 12), "Öryggi" (kafla 13), "Trúnaður og bann við vendismíði" (kafla 15) og "Áhrif riftunar" (kafla 18). Þú fellur á óafturkræfan hátt frá mótmælum á grundvelli varnarþings, óhagræðis eða sambærilegra ástæðna og samþykkir á óafturkræfan hátt að stefna sé birt með pósti eða á annan hátt sem lög leyfa og samþykkir á óafturkræfan hátt lögsögu réttar í Englandi vegna allra slíkra krafna sem stafa af eða tengjast samningi þessum. Aðilar sammælast sérstaklega um að komi til ágreinings vegna sammings þessa og leysa þarf slíkan ágreining fyrir dómi skuli ekki leysa slíkan ágreining fyrir kvíðdómi. Aðilar afsala sér hér með rétti til að leysa mál sín fyrir kvíðdómi sem kunna að rísa af eða tengjast samningi þessum.

- (e) Aðgreinanleiki. Að því leiti sem sérhver kafla, grein, ákvæði eða setning eða hluti ("hluti") þessa sammings er úrskurdaður ólöglegur, ógildur eða óframfylgjanlegur af lögbæru yfirvaldi í einhverju varnarþingi, hefur slík ákvörðun varðandi þann hluta ekki áhrif á: (i) lögmæti, gildi eða framfylgjanleika eftirstandandi hluta þessa sammings; eða (ii) lögmæti, gildi eða framfylgjanleika þess hluta í öðru varnarþingi, og að sá hluti sé takmarkaður ef mögulegt er og aðeins að því loknu aðgreindur, ef nauðsyn krefur að því leiti sem nauðsynlegt er til að gera samninginn gildan og framfylgjanlegan.
- (f) Tungumál. Ef samningur þessi er þýddur á tungumál annað en ensku gildir enska útgáfan ef um er að ræða ágreining eða ósamræmi milli merkingar enska textans og þýðingar á honum. Nema, og aðeins að því leiti sem, það sé bannað með lögum í varnarþingi þínu, skal allur ágreiningur, ósamkomulag, milliganga, sáttumleitanir eða málaferli í tengslum við samning þennan fara fram á ensku, þ.m.t. öll samskipti, gagnaöflun, framlagning gagna, kröfur, munnlegar kröfur, málflytningur, munnlegur málflytningur og fyrirmæli og dómsúrskurður.
- (g) Ósamrýmanleiki. Ef til staðar er einhver ósamrýmanleiki milli þessa sammings og einhvers hugbúnaðarleyfis eða notendasammings (annarra en þessa sammings) sem fylgir í umbúðum eða með einhverjum hluta BlackBerry lausnar þinnar gilda ákvæði þessa sammings hvað varðar allan ósamrýmanleika. Ef til staðar er einhver ósamrýmanleiki milli þessa sammings og einhvers hugbúnaðarleyfis eða notendasammings sem fylgir í tengslum við hvers konar uppfærslur á hugbúnaðinum gildir slíkt leyfi eða notendasamningur hvað varðar allan ósamrýmanleika. Ef upp kemur ósamrýmanleiki milli gagna sem fylgja í umbúðum eða með einhverjum hluta BlackBerry

lausnar þinnar og skjalsins fyrir viðkomandi RIM vöru eða hugbúnað gilda ákvæði skjalsins hvað varðar allan ósamrýmanleika.

- (h) Samningur í heild. Þessi samningur (sem í tilfelli allra viðauka, skal í tengslum við innihald þess viðauka, innihalda skilmála viðaukans), telst heildarsamningur milli aðila hvað varðar innihald hans og engin ákvæði, skilningur, samskipti, fyrirsvar, ábyrgðir, aðgerðir, viðbótarsamningar eða samningar milli aðila sem tengjast hugbúnaðinum, annað en það sem kveðið er á um í samningi þessum. Að undanskildu ofangreindu kunna aðrir samningar milli aðila að ráða notkun annarra hluta BlackBerry lausnar þinnar. Samningur þessi kemur í stað fyrri og samtíma ákvæða, skilnings, samskipta, fyrirsvars, ábyrgða, aðgerða, viðbótarsamninga og samninga milli aðila, hvort heldur er munnlegra eða skriflegra, hvað varðar umfjöllunarefnið hér, og þú staðfestir að þú hafir ekki byggt á neinu ofangreindu þegar þú samþykktir að gera þennan samning. Gera má viðbætur við samning þennan hvenær sem er, að fengnu samþykki beggja aðila. Nema þar sem RIM er sérstaklega bannað slíkt samkvæmt lögum, áskilur RIM sér enn fremur rétt til, að eigin geðþótta, að gera breytingar á samningi þessum á framvirknan hátt, þ.m.t. að endurspegla breytingar á, eða kröfur í lögum (þ.m.t. breytingar til að tryggja framfylgjanleika sammings þessa) eða breytingar á starfsháttum, með því að tilkynna þér með hæfilegum fyrirvara um breytinguna, ýmist rafrænt (eins og tilgreint er í ákvæði um tilkynningar hér að ofan) eða með því að birta tilkynningu um breytinguna á <http://www.blackberry.com/legal> og ættir þú að kanna reglulega hvort breytingar hafi verið birtar þar. Haldir þú áfram að nota hugbúnaðinn og/eða RIM þjónustuna í meira en sextíu (60) daga eftir að tilkynnt hefur verið um breytinguna telst þú hafa samþykkt þá breytingu. Hafir þú athugasemdir við breytingar, vinsamlegast hafðu samband við legalinfo@rim.com innan sextíu (60) daga eftir að breytingin hefur verið tilkynnt til að fá frekari upplýsingar um möguleika þína.
- (i) Samræmi við lög. Þú skalt, á eigin kostnað, útvega og viðhalda öllum leyfum, skráningu og samþykktum sem stjórnvöld eða viðkomandi lög í varnarþingi þínu krefjast til að uppfylla samning þennan eða tengda leyfissamninga. Sérstaklega, og til að koma í veg fyrir vara, skalt ú uppfylla öll viðeigandi lög og reglur við uppsetningu og notkun BlackBerry lausnar þinnar, þ.m.t. að útvega öll nauðsynleg leyfi skráningar og samþykki frá lögbærum yfirvöldum vegna innflutnings og notkunar hvers konar hugbúnaðar sem inniheldur dulkóðun eða aðra öryggiseiginleika, í samræmi við lög. Þú veitir RIM þær tryggingar og skjalfest gögn sem RIM kann af og til að fara fram á til að tryggja að þú uppfyllir þessi skilyrði. Án þess að takmarka ofangreint, þar sem tiltekin RIM þjónusta og þjónusta þriðja aðila kann að vera aðgengileg hnattrænt, veljir þú að tengjast RIM þjónustu eða þjónustu þriðja aðila annars staðar en í löndum þar sem RIM eða viðkomandi þriðji aðili tilgreinir að slík RIM þjónusta eða þjónusta þriðja aðila sé aðgengileg, gerir þú það að eigin frumkvæði og þú berð ábyrgð á að uppfylla öll lög og reglugerðir, þ.m.t. þau sem eiga við útflutning, innflutning, notkun, sendingu og/eða samskipti um viðkomandi RIM þjónustu, eða þjónustu þriðja aðila og tengt efni, vörur eða hugbúnað þriðja aðila. Enn fremur svarar RIM ekki fyrir að allur hugbúnaður og vörur þriðja aðila sem tengjast eða eru aðgengilegar í gegnum RIM þjónustu (þ.e. um RIME verslun og/eða keypt í gegnum BlackBerry greiðsluþjónustuna) séu viðeigandi eða aðgengilegar alls staðar. Þú samþykkir að hvorki þú, né viðurkenndur notandi þinn muni sækja eða á annan hátt fá aðgang að hugbúnaði eða vöru þriðja aðila, eða reyna að gera slíkt, frá stöðum þar sem slíkt er ólöglegt. Án þess að takmarka ofangreint, ef viðkomandi lög banna þér eða viðurkenndum notanda þínum að nota myndræn samskipti á borð við hreyfimyndaspjall eða MVS eiginleika hugbúnaðar BlackBerry lófatölvu, þ.m.t. vegna þess að jafningjafjarskipti, hreyfimynda- eða neteiginleikar eru ekki heimilir í varnarþingi þínu, þar sem þú eða viðurkenndir notendur þínir eru undir tilgreindum aldursmörkum eða vegna laga sem tengjast neyðarþjónustu, mátt hvorki þú né viðurkenndir notendur þínir sækja eða nota þessa hugbúnaðareiginleika eða vörur og/eða það er á þína ábyrgð að gera aðrar ráðstafanir til að hafa samband við neyðarþjónustu.

- (j) Aukin merking. Hugtakið "þar með talið" eða "svo sem" skal teljast merkja "þar með talið, án takmarkana" og "svo sem, án takmarkana" þar sem við á.

30. Sameining samninga. Til að tryggja: (a) að samræmdir skilmálar eigi við BlackBerry PC hugbúnað, BlackBerry Server hugbúnað og BlackBerry lófátölvu hugbúnað, þegar hvert um sig er notað sem hluti af BlackBerry lausn þinni; og (b) skýrleika þegar kemur að því hvaða skilmálar eiga við hugbúnað fyrir BlackBerry lófátölvur þegar hann er notaður sem hluti af BlackBerry lausn þinni, burt séð frá því hvernig þér áskotnaðist sá hugbúnaður fyrir BlackBerry lófátölvur, MEÐ ÞVÍ AÐ SAMÞYKKJA SKILMÁLA ÞESSA SAMNINGS EINS OG TILGREINT ER HÉR AÐ OFAN SAMÞYKKIR ÞÚ EINNIG AÐ: I) ÞESSI SAMNINGUR KEMUR Í STAÐ FYRRI NOTENDASAMNINGA/HUGBÚNAÐARLEYFA FYRIR BLACKBERRY OG HUGBÚNAÐARLEYFA FYRIR BLACKBERRY ENTERPRISE SERVER, ÖLL FYRRI HUGBÚNAÐARLEYFI FYRIR BLACKBERRY HUGBÚNAÐ EÐA BLACKBERRY LAUSNIR OG ALLA BLACKBERRY PROSUMER ÞJÓNUSTUSAMNINGA, VIÐ ÞIG VEGNA HUGBÚNAÐARINS EÐA RIM ÞJÓNUSTU; OG II) ÞESSI ÚTGÁFA BBSLA KEMUR Í STAÐ EFTIRFARANDI VIÐAUKA OG VIÐBÓTARÁKVÆÐA: BLACKBERRY APP WORLD OG BLACKBERRY PAYMENT SERVICE VIÐBÓTARÁKVÆÐA, BLACKBERRY ID SKILMÁLA, BBM MUSIC VIÐAUKA, BLACKBERRY PROTECT VIÐAUKA, BLACKBERRY TRAVEL VIÐAUKA, VIDEO CHAT SOFTWARE VIÐBÓTARÁKVÆÐA, BLACKBERRY MESSENGER SOFTWARE VIÐBÓTARÁKVÆÐA, Í HVERJU TILFELLI AÐEINS AÐ ÞVÍ LEITI SEM SLÍKIR SAMNINGAR OG VIÐAUKAR EIGA ANNARS VIÐ, VIÐ DAGSETNINGU SAMÞYKKTAR ÞINNAR Á SAMNINGI ÞESSUM, HVERN ÞANN HUGBÚNAÐ SEM ER HLUTI BLACKBERRY LAUSNAR ÞINNAR.

Allar tilvísanir í BlackBerry End User/Software License, BlackBerry Enterprise Server Software License Agreement, BlackBerry Software License Agreements eða BlackBerry Solution License Agreement í öðrum samningum, viðaukum eða skjölum sem þú hefur frá RIM fyrir BlackBerry lausn þína skulu teljast tilvísanir í þennan leyfissamning fyrir BlackBerry lausn (nema þegar slík tilvísun hefur enga þýðingu í því samhengi, t.d. þegar, líkt og í þessu ákvæði, greinarmunur er gerður á fyrri samningum og leyfissamningi fyrir BlackBerry lausn, væri tilvísun í fyrri samninga ekki talin vera tilvísun í leyfissamning fyrir BlackBerry lausn).

Allar viðbætur eða viðaukar við fyrri BlackBerry End User/Software License eða Blackberry Enterprise Software License Agreements eða BlackBerry Software License Agreements eða BlackBerry Solution License Agreement sem gilt hafa um hugbúnað sem RIM hefur afhent þér skulu teljast viðaukar eða viðbætur við Samning þennan.

VAKNI EINHVERJAR SPURNINGAR EÐA ÁHYGGJUR VEGNA SKILMÁLA ÞESSA SAMNINGS SKAL HAFA SAMBAND VIÐ RIM Á NETFANGINU legalinfo@rim.com.